



Klettaskóli – heildarmat á skólastarfi

Febrúar 2014
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur

Ritstjórar: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Birna Sigurjónsdóttir

Hrund Logadóttir

Ragnheiður Axelsdóttir

Steinunn Ármannsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
<i>Mat á skólastarfi</i>	4
Svið I Stjórnun og mannaúður	7
<i>Fagleg forysta</i>	7
Stjórnandinn sem leiðtogi	7
Stjórnun stofnunar	7
Faglegt samstarf	10
Ráðgjafarhlutverk Klettaskóla	11
Viðhorf starfsmanna	12
Aðbúnaður	13
Skólaþróun	14
Sameining í Klettaskóla	15
<i>Stefnumótun og skipulag</i>	16
Starfsáætlun og skólanámskrá	16
Einstaklingsnámskrár	17
Skóladagur nemenda	18
Verklagsreglur og áætlanir	19
<i>Samskipti heimila og skóla</i>	20
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	20
Svið II Nám og kennsla	23
<i>Nám og námsaðstæður</i>	23
Inntak og árangur	23
Skipulag náms og námsumhverfi	23
Kennsluhættir og gæði kennslu	23
Námshættir og námsvitund	26
<i>Þátttaka og ábyrgð nemenda</i>	26
Lýðræðisleg vinnubrögð	26
Ábyrgð og þátttaka	27
Viðhorf nemenda	27
<i>Námsaðlögun</i>	28
Nám við hæfi allra nemenda	28
Stuðningur við nám	29
Svið III Innra mat grunnskóla	31
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	31
Innra mat er markmiðsbundið	31
Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	31
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	31
Innra mat er opinbert	31
Innra mat er umbótamiðað	32
Greining	33
Samantekt	33
Heimildir	37
Fylgiskjöl	37

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Klettaskóla sem fram fór í desember 2013. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar ásamt Hrund Logadóttur og Ragnheiði Axelsdóttur.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Klettaskóli yrði einn af þeim skólum sem færi í heildarmat á skólastarfi skólaárið 2013-2014. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum, spurningakönnunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið í Klettaskóla voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020*¹.

Klettaskóli er sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun. Foreldrar sækja um skólavist fyrir barn sitt og inntaka er í höndum fagraðs um innritun sem styðst við reglur um innritun nemenda. Skólastjóri Klettaskóla er Erla Gunnarsdóttir og aðstoðarskólastjóri skólaárið 2012-2013 er Guðrún Gunnarsdóttir. Í skólanum eru 109 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2013-2014 skv. upplýsingum frá skólanum.

Nemendur koma víða að á höfuðborgarsvæðinu en flestir eru úr Reykjavík eða um 70%.

Klettaskóli tók til starfa 1. ágúst 2011. Þá voru sameinaðir sérskólarnir Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli. Safamýrarskóli var stofnaður árið 1982 og var starfræktur í Safamýri 5 í Reykjavík. Öskjuhlíðarskóli var stofnaður 1975 og starfræktur í Suðurhlíð 9, en það er nú húsnæði sameinaðs skóla. Frá hausti 2013 hefur verið starfræktur þátttökubekkur Klettaskóla í Árbæjarskóla fyrir nemendur í 7. bekk.

Skólaárið 2013-2014 eru 99 starfsmenn við skólann í um 87stöðugildum, starfsmenn þátttökubekkjara meðtaldir.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008:

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum

¹ Unnin sameiginlega og samþykkt af skólamálanefndum Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna:

Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr.:

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr.:

Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs.

Menntaráð Reykjavíkurborgar ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 43 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2014.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skólastjóra gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til Skóla- og frístundaráðs | í lok annar |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrjár hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrjár hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum

- Athugun í skóla
- Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2013-2014 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2013-2014 (sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi)
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð er ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Stjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna. Fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til sviðsstjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Skýrslan er vinnuskjal skólans en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Svið I Stjórnun og mannauður

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Menntun og velferð barna er í öndvegi í Klettaskóla og markmið skólans er að gefa nemendum tækifæri til að öðlast þroska, færni, reynslu og þekkingu sem nýtist þeim í lífinu. Skólastjóri leggur áherslu á mikilvægi þess að nemendahópur skólans sé ein heild og að ekki verði til sérdeildir eða sérskóli innan sérskólans. Skólinn eigi að hjálpa nemendum að verða eins sjálfbjarga og sjálfstæðir og kostur er. Mikil áhersla er lögð á fjölbreyttar boðskiptaleiðir og einstaklingsmiðað nám en allir nemendur skólans eru með einstaklingsnámskrá. Einkunnarorð skólans eru *Menntun fyrir lífið* og eru þau sýnileg í starfi skólans.

Stjórnendur eru mikið á ferðinni í skólanum og þekkja nemendur vel. Samskiptabækur fara daglega á milli heimila og skóla og á heimasíðu Klettaskóla eru settar inn myndir úr starfinu og fréttir af því sem nemendur og starfsfólk eru að fást við hverju sinni.

Unnið er að því að sameina og endurskoða skólanámskrá Klettaskóla út frá nýrri aðalnámskrá, en frá því að Safamýrarskóli og Öskjuhlíðaskóli voru sameinaðir í einn skóla hefur verið stuðst við skólanámskrár gömlu skólanna tveggja og þær eru birtar á heimasíðu skólans. Drög að nýrri skólanámskrá Klettaskóla liggja fyrir við matið, en eru ekki aðgengileg á heimasíðu skólans.

Hlutverk skólans, stefna og áherslur eru í starfsáætlun fyrir skólaárið 2013-2014 sem birt er á heimasíðu. Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2013 sögðust 80% þátttakenda þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins, 10% svöruðu *Hvorki né* og 10% þekkja þau ekki. Klettaskóli er 0,4 undir meðaltali grunnskóla í Reykjavík, er með gildið 7,6.²

Foreldrum í rýnihópi fannst stefna skólans ekki áberandi og þekktu hana ekki vel. Þeir voru heldur ekki vissir um hvort skólinn hefði sérstök einkunnarorð. Að mati foreldra í rýnihópi einkennist skólastarfið af sveigjanleika, fagmennsku og jákvæðni, „Maður mætir skilningi á aðstæðum og fjölskyldum fatlaðra barna, það eru einhvern veginn allir með á nótunum og allir í sama liði“.

Sérstaða Klettaskóla er vel kynnt og skólinn veitir ráðgjöf til annarra grunnskóla um fagleg málefni, t.d. varðandi námsefni, námsgögn, kennsluaðferðir, gerð einstaklingsáætlana og annað er varðar nemendur með svipaðar námsþarfir og nemendur Klettaskóla hafa. Á heimasíðu skólans er hnappur að sérkennslutorgi sem Klettaskóli hefur umsjón með, en það er mikill gagnabanki um ýmislegt varðandi kennslu og nám nemenda með sérþarfir.

Stjórnun stofnunar

Skipurit Klettaskóla liggur fyrir og er birt í starfsáætlun skólans á heimasíðu en gefur ekki glögga mynd af fyrirkomulagi stjórnunar í skólanum. Á heimasíðu skólans vantar upplýsingar um þáttökubekk Klettaskóla í Árbæjarskóla sem tók til starfa í ágúst 2013. Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2013-2014, sem er birt á heimasíðunni, er stuttlega sagt frá þáttökubekknunum í

² Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar var lögð fyrir dagana 18. apríl til 22. maí 2013. Svarhlutfall í Klettaskóla var 72%. Fyrir hverja spurningu eða fullyrðingu er reiknuð einkunn á bilinu 0-10. Því hærri sem einkunnin er, því jákvæðari er niðurstaðan.

umfjöllun um þróunarverkefni sem unnið er að í skólanum og í drögum að skólanámskrá, sem liggja fyrir við matið er lítillaga fjallað um þáttökubekkinn.

Stjórnendateymi skólans samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Auk þess koma ráðgjafarþroskaþjálfari og deildarstjóri þáttökubekkjara í Árbæjarskóla að stjórnendateyminu. Stjórnendur vinna náið saman og skipta með sér verkum að hluta en geta þó gengið í verk hinna ef á þarf að halda. Skólastjóri mótar faglega stefnu skólans í samvinnu við stjórnendateymið og starfsmenn, hefur yfirumsjón með ráðningu starfsfólks og fjármálum og ber ábyrgð á rekstri skólans. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra.

Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri gera stundatöflur, halda utan um skipulag fyrir hvern bekk og hóp og skipulag viðburða í skólanum. Deildarstjóri sér um að leysa mönnun í forföllum og aðstoðarskólastjóri skipuleggur akstursmál nemenda í samráði við fyrirtækið sem annast aksturinn. Aðstoðarskólastjóri er tengiliður við yngsta stigið, skólastjóri er tengiliður við miðstigið og deildarstjóri við unglingsstigið. Stjórnendateymið fundar á mánudögum og þriðjudögum ef þarf, en deildarstjóri þáttökubekkjara er í Klettaskóla á þriðjudögum.

Skrifstofustjóri tekur á móti tilkynningum um öll forföll, bæði nemenda og starfsmanna, og er í miklum samskiptum við nemendur, foreldra og starfsfólk. Umsjónarmaður fasteigna (húsvörður) er einnig í miklum samskiptum við nemendur og starfsfólk og er mikið á ferðinni á göngum skólans. Matreiðslumaður sér um innkaup, matseðlagerð, matseld og frágang í mötuneyti skólans og er næsti yfirmaður aðstoðarmanns í eldhúsi sem hefur umsjón með kaffistofu starfsfólks og aðstoðar í eldhúsinu í hádeginu við að skammta og þvo upp eftir matinn. Skrifstofustjóri, húsvörður og matreiðslumaður eru ekki hluti af stjórnunarteymi skólans og funda ekki reglulega með stjórnendum eða hver öðrum.

Við stoðþjónustu Klettaskóla starfar ráðgjafarþroskaþjálfari í 100% stöðu, sem annast ráðgjöf innan skólans og til annarra skóla, sálfræðingur í 25% starfshlutfalli og félagsráðgjafi í 50% starfshlutfalli. Skólahjúkrunarfræðingur hefur fasta viðveru í skólanum einn dag í viku, talmeinafræðingur er í skólanum 1-2 daga í viku og sjúkraþjálfarar og iðjuþjálfari frá Styrtarfélagi lamaðra og fatlaðra vinna með nemendum skólans tvo daga í viku.

Við Klettaskóla starfar fjölbreyttur hópur fagfólks; grunnskólakennarar, sérkennarar, íþróttakennarar, list- og verkgreinakennarar, leikskólakennarar, framhaldsskólakennarar og þroskaþjálfarar, auk stuðningsfulltrúa en enginn skólaliði starfar í skólanum. Ekki hafa verið gerðar formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur eða starfsfólk en unnið er að því samhliða gerð nýrrar skólanámskrár. Á heimasíðu er listi yfir allt starfsfólk skólans, myndir af hverjum og einum, starfsheiti og netfang. Menntun og sérhæfing starfsfólks er skráð og fagfólk sinnir kennslu í samræmi við sína sérhæfingu.

Skrifstofur stjórnenda eru fyrir framan kaffistofu starfsmanna og yfirleitt er opið inn til þeirra ef ekki eru fundir. Þátttakendur í rýnihópum stuðningsfulltrúa, fagfólks á yngra stigi og annars starfsfólks sögðu að aðgengi að stjórnendum væri mjög gott, „Það er eiginlega alltaf opið, nema þær séu á fundi, maður bankar bara létt hjá þeim. Þær eru mjög sýnilegar... Ef við lendum í vandræðum koma þær og stökkva inn, sérstaklega ef það er eitthvað neyðartilvik eða ef það vantar í gæslu“. Þátttakendur í rýnihópi fagfólks á eldra stigi voru sumir á annarri skoðun og finnst oft erfitt að finna skólastjóra og aðstoðarskólastjóra þegar á þarf að halda, en sögðust alltaf geta leitað til deildarstjóra.

Skólastjóri sagðist í viðtali ekki veita kerfisbundna endurgjöf á kennsluna en fara stundum inn í bekk og fylgjast með, „Mér finnst alveg ofboðslega gaman að koma inn í kennsluna... ég vildi alveg gera meira af því“. Hún segist ekki vera nógu dugleg að hrósa starfsfólki en

aðstoðarskólastjórinn sé duglegur að hrósa og geri það vel. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sögðust gera talsvert af því að fara inn í kennslustofur til að fylgjast með, vita hvað er í gangi og veita endurgjöf, bæði á það sem vel er gert og það sem má bæta, „ég nota hvert tækifæri til að benda á hvað þau eru að gera vel“.

Þátttakendur í rýnihópi stuðningsfulltrúa sögðust mest fá hrós frá þeim sem þeir væru að vinna náið með, þ.e. kennurum, „það er minna návígi við [aðstoðarskólastjóra] og [skólastjóra]“. Þeir vildu gjarnan hafa fleiri fundi þar sem starfsfólk gæti talað saman um atburði dagsins og þústað út, helst daglega, „Ef eitthvað gerist á fimmtudegi þá fer maður ekki að tala um það á mánudegi“. Þó kom fram í rýnihópnum og í viðtali við kennara að í sumum bekkjum væru slíkir „þústfundir“, sérstaklega ef eitthvað kæmi upp á. Fagfólk á yngri stigi í rýnihópi sögðu að stjórnendur hrósuðu starfsfólki en „mættu koma meira inn í tíma og sjá hvað fer fram“. Í rýnihópi fagfólks á eldra stigi kom fram að stjórnendur væru farnir að fjarlægjast „grasrótina“ og kallað var eftir meira lýðræði innan skólans, „það er eins og stjórnendur viti ekki hvað er í gangi og þetta kemur þannig út eins og við séum ekki að standa okkur í starfinu“.

Umræður í rýnihópnum endurspeglar ágætlega niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna Reykjavíkurborgar sem gerð var vorið 2013. Um 64% svarenda í Klettaskóla voru sammála fullyrðingunni *Á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf* en 15% svarenda voru ósammála. Um 73% svarenda sögðu að yfirmaður hefði rætt við þá um frammistöðu í starfi á síðustu 6 mánuðum en 17% svarenda sagðist ekki hafa átt slíkt samtal við yfirmann. Fullyrðingin *Ég fæ hvatningu frá yfirmanni mínum* kom aðeins betur út í könnuninni 2013 en í könnuninni 2011 og hækkaði úr 6,6 í 6,9.

Starfsþróunarsamtöl eru árlega fyrir alla starfsmenn og starfsmenn fá undirbúningsblað fyrir viðtalið. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri skipta viðtölunum á milli sín. Í viðhorfskönnuninni 2013 sögðust 82% svarenda hafa farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12 til 15 mánuðum en aðeins 35% þeirra fannst samtalið hafa verið gagnlegt. Í rýnihópum stuðningsfulltrúa og rýnihópi fagfólks á yngri stigi kom fram að starfsþróunarsamtölin væru ekki sérlega gagnleg, „ágætt svo langt sem það nær, ágætt að setjast niður og ræða málin“, „gera lítið gagn, sýndarmennska hjá borginni...sitjum og hrósum sjálfum okkur!“. Millistjórnendur töldu hins vegar að starfsþróunarsamtölin væru mjög gagnleg fyrir stjórnendur til að heyra í starfsfólki varðandi allt sem lýtur að starfinu.

Við matið liggur fyrir starfsmannahandbók fyrir Klettaskóla sem verið er að endurskoða en hún er ekki aðgengileg á heimsíðu. Þar eru ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólann fyrir starfsfólk og vinnureglur sem unnið er eftir. Verið er að fínþússa áætlun um móttöku nýrra starfsmanna. Í viðhorfskönnuninni 2013 voru aðeins 33% svarenda í Klettaskóla sammála fullyrðingunni *Nýir starfsmenn fá nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma* en 39% voru því ósammála. Spurningin kemur mun verr út en í könnuninni 2011 (6,0) og gildi hennar er 0,9 undir meðaltali grunnskóla í borginni. Hærra hlutfall svarenda, eða 79%, voru sammála fullyrðingunni *Á mínum vinnustað er vel tekið á móti nýju starfsfólki* en 7% voru ósammála. Þetta er í ágætu samræmi við það sem fram kom í rýnihópum, „Nýir starfsmenn tala um það hvað rosalega vel var tekið á móti þeim, eins og í haust, farið yfir allt saman...“. Í skólanum er nokkuð stöðugur starfsmannahópur en þó er talsverð starfsmannavelta í hópi stuðningsfulltrúa, „Það er oft ungt fólk sem er að velta fyrir sér framtíðinni, hvað það vill fara að læra“. Í rýnihópi stuðningsfulltrúa kom fram að ekki hefði verið farið sérstaklega yfir verkefni hjá nýjum starfsmönnum, „Svolítið kastað út í djúpu laugina – en ég bara spurði!“

Hlutfall karla í starfsmannahópnum er rétt rúmlega 20%. Í rýnihópum kom fram að æskilegra væri að hafa jafnari kynjaskiptingu og fleiri karlmenn, „Stundum þarf bara líkamlega krafta,

bæði vegna líkamlega fötluðu nemendanna, en líka þeirra drengja sem eru að sýna erfiða hegðun“. Ekki hefur verið gerð sérstök jafnréttisáætlun um jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum en slík áætlun er í vinnslu og hefur verið leitað eftir ráðgjöf um gerð hennar til sérfræðings á skóla- og frístundasviði. Um 75% svarenda í viðhorfskönnun 2013 telja að jafnrétti kynjanna sé virt í Klettaskóla og 75% telja að jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum sé gætt.

Drög að verkferli um viðbrögð við einelti meðal starfsmanna eru til en ferillinn er ekki fullunninn. Í viðhorfskönnun 2013 sögðust 12% svarenda hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum og 9% þátttakenda sögðust hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum. 12% svarenda sögðust hafa orðið varir við einelti meðal starfsmanna á vinnustaðnum sl. 12 mánuði. Þetta er mikil hækkun frá síðustu könnun 2011, en þá sögðust 2% hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsmönnum og ekkert einelti mældist þá í starfsmannahópnum.

Allir starfsmenn undirrita yfirlýsingu um trúnað í starfi við ráðningu en aðeins hefur verið aflað upplýsinga hjá sakaskrá um þá starfsmenn sem hafa nýlega verið ráðnir.

Í skólanum er unnið með mikið magn trúnaðarupplýsinga sem snerta nemendur. Til eru skýrar reglur varðandi myndbirtingar en reglur um upplýsingagjöf um nemendur eru ekki enn fullmótaðar. Trúnaðargögn um nemendur eru geymd í læstum hirslum hjá skrifstofustjóra.

Faglegt samstarf

Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum skv. stefnumótun sem birtist í starfsáætlun skólans. Mynduð eru teymi starfsfólks um hvern nemendahóp sem hafa með sér mikið samstarf um daglegt skipulag.

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að náðið samstarf væri innan starfsmannahópsins, „Samskiptin einkennast af því að það er létt að fara á milli og biðja um aðstoð. Allir tilbúnir að deila námsefni sín á milli, deila hugmyndum“, „maður er hluti af heild og allir að vinna að sama markmiði“. Þátttakendur í rýnihópi fagfólks á yngra og eldra stigi og rýnihópi stuðningsfulltrúa voru sammála um að engin stéttaskipting væri á milli starfshópa í skólanum, „Ef maður verður skák og mát þá er alltaf einhver annar hér sem maður hefur til að leita til, alveg sama hvort það er kennari, sérkennari eða stuðningsfulltrúi eða hver sem er. Maður finnur að hér eru allir jafnir“.

Þetta er í góðu samræmi við það sem fram kom í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2013 en 95% svarenda í Klettaskóla sammála fullyrðingunni *Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli* en 2% voru ósammála. Um 95% þátttakenda voru sammála fullyrðingunni *Ég get leitað til einhvers á mínum vinnustað í tengslum við starf mitt* en 2% voru ósammála fullyrðingunni. Í rýnihópi fagfólks á eldra stigi var kallað eftir handleiðslu og ráðgjöf fyrir starfsfólk, „Það er engin áfallahjálp hér fyrir kennara... það er ýmislegt sem bitnar á þeim hér eins og að þeir verða fyrir ofbeldi. Það er lítið horft á okkur starfsfólkið, sem verður fyrir ýmsu“.

Skipulag fastra funda í skólanum rúllar á þriggja vikna fresti. Dagskrá funda er kynnt fyrirfram og fundargerðir ritaðar í fundargerðarbók sem allt starfsfólk hefur aðgang að. Sameiginlegir starfsmannafundir fyrir allt starfsfólk eru eina vikuna, næstu viku eru stigsfundir og þriðju vikuna eru vinnufundir. Sérgreinakennarar funda ýmis saman sér þegar það eru stigsfundir, eða dreifa sér á stigin þegar við á. Í hverri viku eru svo samráðsfundir í hverjum bekk fyrir sig. Stuðningsfulltrúar funda ekki sér, heldur með stiginum, „Stigsfundirnir eru gagnlegir, ekki endilega allir hinir“. Fagfólk á yngra stigi í rýnihópi var

sammála um að fundirnir væru oftast gagnlegir og þeir væru ekki of margir, „yfirleitt eru þetta mjög góðir fundir, sumir eru kannski svolítið langir“. Einu sinni í mánuði, eða þar um bil, er tíminn fyrir stigsfundi notaður til að fara í heimsóknir á milli bekkja innan stigsins, „Gestgjafinn kynnir þá verkefni sem verið er að vinna að, kennsluefni, aðferðir, uppsetningu, o.s.fr.v. Þetta er mjög gott, maður fær alltaf einhverjar nýjar hugmyndir“. Fagfólk á eldra stigi í rýnihópi sagði að fundirnir væru ekki nógu markvissir og gagnlegir, „Fundarefnin eru svo fjarri okkar starfi“.

Í viðhorfskönnun 2013 fékk fullyrðingin *Upplýsingastreymi á mínum vinnustað er gott* gildið 5,7 og lækkar um 1,0 frá síðustu könnun 2011. Um 54% svarenda voru sammála fullyrðingunni, 18% völdu svarmöguleikann *Hvorki né* en 28% voru ósammála, þ.e. telja upplýsingastreymið ekki gott. Fullyrðingin *Ég fæ nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starfi mitt og/eða vinnustað* fékk gildið 6,3 en var 7,0 í síðustu könnun en 62% svarenda voru sammála. Til samanburðar er fyrri fullyrðingin með gildið 6,3 að meðaltali í grunnskólum borgarinnar og sú seinni með gildið 6,8.

Þátttakendur í rýnihópi fagfólks á yngra stigi voru ánægðir með upplýsingastreymið, „Fáum vikulega sent vikuplan yfir hvað er um að vera í húsinu, hvenær stjórnendur eru á fundum eða út úr húsi, hvort einhverjar heimsóknir eru. Svo er líka tafla hér á ganginum í starfsmannaálmunni. Kvarta ekki, finnst þetta bara vera mjög gott upplýsingaflæði og finnst það heldur hafa batnað“. Fagfólk á eldra stigi í rýnihópi var ekki eins ánægt og sagði að oft kæmu upplýsingar á síðustu stundu. Stuðningsfulltrúar í rýnihópi sögðust stundum gleymast varðandi upplýsingar, en þeir fengju vikulega pósta frá skólastjóra og allir hefðu aðgang að upplýsingatöflunni á starfsmannaganginum, „Við erum ágætlega upplýst“.

Vel er staðið að tilfærsluáætlun nemenda milli skóla. Í drögum að skólanámskrá kemur fram að skólinn á í samstarfi við leik- og grunnskóla vegna inntöku nýrra nemenda í skólann og á í nánu samstarfi við framhaldsskóla vegna nemenda í 10. bekk. Nemendur í 10. bekk og foreldrar þeirra fá kynningu á framhaldsskólum, nemendur fara í heimsóknir í skólana og kennarar þaðan koma til að hitta nemendur í Klettaskóla og ræða við umsjónarkennara þeirra, að því er fram kom í rýnihópi. Allir nemendur skólans eiga kost á að sækja frístundastarf utan skóla. Einnig kemur fram að skólinn sé í samskiptum við ýmsa þjónustuaðila sem tengjast nemendum, s.s. vegna skólaaksturs, skammtímavistunar barna, sjúkrabjálfunar, stoðtækjasmíði, iðjubjálfunar o.fl. Í rýnihópi fagfólks á eldra stigi kom fram að Klettaskóli væri að skoða að taka upp heildstætt kerfi varðandi samskipti og hegðun í samvinnu við Brúarskóla.

Ráðgjafarhlutverk Klettaskóla

Í 42. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er kveðið á um að sveitarfélög geti stofnað til reksturs sérskóla til að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms og jafnframt skuli lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf. Í samningi Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Innanríkisráðuneytis vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um rekstur sérskóla sem staðsettir eru í Reykjavík segir í 3. grein að Reykjavíkurborg annist ráðgjafarþjónustu vegna fatlaðra grunnskólanemenda samkvæmt beiðnum frá grunnskólum utan Reykjavíkurborgar. Einnig kemur fram að ráðgjafarþjónustan fari fram í viðkomandi sérskólum og/eða með rafrænu formi og símleiðis. Um aðra ráðgjöf sé samið sérstaklega.

Á heimasíðu Klettaskóla kemur fram að eitt af hlutverkum skólans sé að veita ráðgjöf til tengslastofnana sem og til annarra grunnskóla landsins. Sótt er um ráðgjöfina á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á heimasíðu skólans. Umsjón með ráðgjöfinni hefur ráðgjafarþroskabjálfi skólans en til að sinna ráðgjöfinni eru til kallaðir fagaðilar innan skólans

eftir eðli og umfangi hverrar beiðnar. Ennfremur kemur fram á heimasíðu skólans að ráðgjöfin bjóði m.a. upp á möguleika til að kynna sér bekkjarstarf, gerð einstaklingsáætlana, óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, skynörvun, kennslu í sérgreinum og hugmyndafræði TEACCH.

Hluti af þeirri ráðgjöf sem Klettaskóli býður upp á er Sérkennslutorg sem er þróunarverkefni sem hefur það markmið að styrkja samfélag þeirra sem sinna kennslu nemenda með sérþarfir á landinu. Sérkennslutorgið er hluti af *MenntaMiðju* og er vefmiðill *serkennslutorg.is* og einnig virkt á samfélagsmiðlinum Facebook. Megináhersla er á endurmenntun og starfsþróun kennara.

Í rýnihópi sérfræðinga skólans kemur fram hjá ráðgjafarþroskajálfa að hennar sérfræðistarf felist í því að taka á móti öllum ráðgjafarbeiðnum sem berast til skólans og beina þeim í réttan farveg. Einnig er ráðgjöf til starfsmanna skólans, foreldra og tengslastofnana. Félagráðgjafi skólans sinnir einnig ráðgjöf við kennara varðandi nemendur og til foreldra í sambandi við stuðningsþjónustu og koma á tengslum við félagsþjónustu eða þjónustumiðstöðvar. Fram kom að ráðgjafarþroskajálfi er í 100% starfi, félagráðgjafi í 50% og sálfræðingur í 25%.

Sérfræðingar skólans töluðu einnig um mikilvægi öflugs ráðgjafateymis þar sem sérfræðipækkingin nýtist betur í málum en vegna tímaskorts einstaka sérfræðinga, sérstaklega þeirra sem eru í hlutastörfum, er erfitt að halda slíku teymi virku. Í viðtali við sálfræðing kom fram að fagfundir sérfræðiteymis hefðu verið haldnir nokkrum sinnum á þessu skólaári þar sem áhersla hefur verið á að skerpa á hlutverkalýsingum og samstarfi. Í kjölfarið hafi sérfræðingar skólans eflst sem teymi.

Fram kom einnig að óskir hefðu komið fram um að ráðgjöfin færi fram á vettvangi þess skóla sem óskar eftir henni en ákveðið hefði verið að ráðþegar kæmu og sæktu ráðgjöfina í Klettaskóla með vettvangsheimsóknnum og öflun gagna hjá starfsmönnum. Þessi ákvörðun var tekin ekki síst til að ná að sinna öllum ráðgjafarbeiðnum auk þess að nýta allt fagfólk skólans í ráðgjöfinni. Allir sérfræðingarnir sinna ráðgjöf við kennara og starfsfólks Klettaskóla, bæði með viðtölum við kennara eftir óskum þeirra, fræðslu á starfsmannafundum og innkomu í kennslustundir.

Í rýnihópi fagfólks í skólanum kemur fram að það telur sig ekki hafa aðgang að ráðgjöf eða handleiðslu innan skólans. Slíkt hafi verið í boði hjá hópi starfsfólks áður en sé ekki lengur til staðar. Hins vegar kemur fram í viðtali við kennara að ráðgjöf sé sótt til ráðgjafarþroskajálfa og einnig séu aðrir kennarar tilbúnir til að aðstoða þegar á þarf að halda.

Viðhorf starfsmanna

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að góður starfsandi væri í Klettaskóla, þó sameiningin hefði tekið á. Þetta er í ágætu samræmi við niðurstöður viðhorfskönnunarinnar frá 2013 þar sem fullyrðingin *Það er góður starfsandi á mínum vinnustað* fékk gildið 7,7 en var 8,1 í viðhorfskönnuninni 2011. Um 79% svarenda voru sammála fullyrðingunni í könnuninni 2013 en 3% ósammála. Fullyrðingin *Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi* kemur hins vegar vel út hjá Klettaskóla í könnuninni 2013 og er með gildið 8,2 sem er örlítill hækkun frá síðustu könnun (7,9) en 86% svarenda eru sammála fullyrðingunni. Um 85% þátttakenda í könnuninni voru líka sammála fullyrðingunni *Mér líður vel í vinnunni*. Klettaskóli er þar með gildið 8,0 en meðaltalið í grunnskólum borgarinnar er 7,9.

Fram kom í rýnihópum fagfólks og stuðningsfulltrúa að félagslífið væri ágætt. Í skólanum er starfandi starfsmannafélag sem hefur m.a. það hlutverk að kaupa gjafir fyrir starfsmenn sem eiga stórafmæli eða standa á merkilegum tímamótum í lífinu. Einnig er starfandi innan skólans vellíðunarnefnd sem sér m.a. um að setja upp jólaskraut og gera vel við starfsfólk

með ýmsum hætti. Að auki er starfandi skemmtinefnd sem sér um að skipuleggja sameiginlega jólahátíð, vorferð, árshátíð ef áhugi er fyrir hendi, og ýmislegt fleira. Þátttaka í félagslífi er nokkuð góð og allir starfshópar taka þátt. Allstór hópur starfsmanna er af erlendum uppruna og fram kom í rýnihópum að þeir tækju virkan þátt í félagslífinu til jafns við aðra starfsmenn.

Í viðhorfskönnuninni 2013 koma nær allar spurningar sem snúast um stjórnun nokkuð lakar út en í könnuninni 2011 og Klettaskóli er undir meðaltali annarra grunnskóla í borginni hvað þennan þátt snertir. Fullyrðingin *Ég ber traust til yfirmanns míns* er með gildið 7,6 en var 8,0 í könnuninni 2011. Um 78% svarenda í könnuninni 2013 voru sammála fullyrðingunni, 15% völdu svarmöguleikann *Hvorki né* og 7% voru ósammála. Fullyrðingin *Mínum vinnustað er vel stjórnað* lækkar um 1,0 milli kannanna, fékk gildið 6,2, en 61% svarenda voru sammála henni, 21% völdu svarmöguleikann *Hvorki né* og 18% voru ósammála. Í rýnihópi fagfólks á eldra stigi kom fram gagnrýni á það að við sameiningu hafi nemendur úr Safamýrarskóla í raun gengið inn í skipulag stundaskrár eins og það var í Öskjuhlíðarskóla sem hentaði þeim ekki nógu vel, betra væri að tímaeiningarnar væru 60 mínútur en ekki 40 mínútur. Hópurinn kallaði eftir meiri umræðu um þetta og að stjórnendur gæfu meira svigrúm fyrir lýðræðislega umræðu í skólanum áður en ákvarðanir eru teknar, „Fundir eru alltaf tilkynningafundir meira og minna og aldrei er hægt að ræða nokkurn skapaðan hlut“.

Í viðtali við skólastjóra og rýnihópi millistjórnenda kom fram að starfsmannahópurinn væri mjög fjölbreyttur og byggir yfir mikilli þekkingu og reynslu „Við erum með stuðningsfulltrúa hérna, bæði konur sem eru búnar að vera hér í fjölda ára og hoknar af reynslu og þekkingu og svo fáum við ungt og sprækt fólk sem er tilbúið að taka að sér ýmis verkefni og mér finnst líka þetta gefa breiddina. Þarna erum við með reynslumikið fagfólk, nýútskrifað fagfólk og svo stuðningsfulltrúarnir og leiðbeinendur – fjölbreytilegur hópur í margbreytileikann sem við höfum, sem nemendur eru“.

Í viðhorfskönnuninni 2013 sögðust 72% svarenda sjá sig áfram í starfi á vinnustaðnum eftir 2 ár en 9% sögðust ekki sjá sig í starfinu eftir 2 ár. Í öllum rýnihópum kom fram að starfsmenn væru undir miklu álagi og að starfið væri mjög krefjandi, andlega og líkamlega, „En starfið er líka gefandi. Annars værum við ekki í þessu“, sagði stuðningsfulltrúi í rýnihópi. Í rýnihópi fagfólks á eldra stigi kom fram að það væri mjög mikil breidd í nemendahópnum, sumir þyrftu mikla umönnun sem tæki tíma frá kennslunni, „Krakkarnir í efri kantinum námslega séð sitja meira á hakanum og svo líka fötluðustu nemendurnir vegna of fárra starfsmanna“.

Í viðhorfskönnuninni 2013 er Klettaskóli nálægt meðaltali grunnskóla borgarinnar hvað varðar spurningar um vinnuástandið. Fullyrðingin *Vinnuástandið mín er góð* fékk gildið 6,3 en 58% svarenda var sammála því, 18% ósammála og 25% völdu svarmöguleikann *Hvorki né*. Um 11% svarenda sögðust ekki hafa aðgang að þeim gögnum og tækjum sem til þarf en 72% sögðust hafa þau gögn og tæki sem þyrfti.

Aðbúnaður

Í viðtölum og rýnihópum kom fram hörð gagnrýni á aðbúnað skólans, „Afleitt húsnæði, lélegt fyrir hjólastólabörnin. Klósettaðstaðan ömurleg, lélegur leikfimisalur, tölvurnar lélegar. Of þröngt“, „Skólahúsið er sprungið og garðurinn er hræðilegur“, „Vantar sundlaug og leikfimisal“. Margir nemendur Klettaskóla þurfa að nota mikið af hjálpartækjum og mikil þrengsli eru í kennslustofum og ekki síður á göngunum þar sem engin aðstaða er til að geyma þau tæki sem ekki eru í notkun. Engin sundlaug er við skólann og þurfa nemendur að fara með skólabil í sund. Sundferðirnar taka mikinn tíma, „Það er gríðarleg vinna að klæða

fjölfatlaðan einstakling úr fötunum og svo í sund í 20 mínútur og svo aftur upp úr“. Mikið fatlaðir nemendur fara m.a. í sund í sundlaug gamla Kópavogshælisins, en þar má ekki fara með hjólastóla inn í búningsherbergi þannig að starfsmenn verða að halda á nemendum sem er mikið líkamlegt álag. Að auki kom fram í rýnihópi stuðningsfulltrúa að viðmót starfsfólks í sundlauginni væri ekki nógu gott.

Í rýnihópum kom einnig fram að skólalóðin væri ekki heppileg fyrir nemendahóp skólans, þar er lítið við að vera, oddhvasst grjót sem auðvelt er að meiða sig á og þar eru t.d. ekki rólur fyrir þá sem eru í hjólastólum, „Hér er rifist um rólurnar og hér eru öll stigi sem vilja róla sér, ekki bara yngstu börnin“. Einnig kom fram, m.a. í rýnihópi foreldra, að það vantar hátíðarsal í skólann. Smíðastofan er mjög þröng svo aðeins er hægt að kenna fáum nemendum þar í einu.

Mikil ánægja er hins vegar með umhverfi og staðsetningu skólans, „Staðsetningin er frábær“. Flestir þátttakendur í rýnihópum og viðtölum voru nokkuð sáttir við vinnuaðstöðu kennara og kaffistofuna en mikil eftirvænting er eftir endurbótum á húsnæði og aðstöðu með tilkomu nýrrar viðbyggingar við skólann sem fyrirhuguð er á næstunni.

Skólaþróun

Umbótaáætlun Klettaskóla fyrir 2012-2014 liggur fyrir við matið. Þar eru tilteknaðar aðgerðir á sviði skólastarfs, verklags, mannauðs og fjármála, ábyrgðaraðilar, tímasetning og mælikvarðar á árangur en ekki er ljóst á hverju umbótaáætlunin er byggð, þ.e. hvort niðurstöður innra mats eða kannanir liggi til grundvallar fyrirhuguðum umbótum. Skólastjóri sagðist í viðtali leiða sjálfsmatið (innra matið) í skólanum, ekki er unnið eftir skipulegri matsáætlun, en „[ég] legg alltaf annað slagið fyrir svona einhverjar spurningar sem fólk þarf að svara, bæði í starfsmannahópi og eins í foreldrahópi“. Þátttakendur í rýnihópum könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í innra mati í skólanum, þó lagðar hafi verið fyrir matsspurningar og kannanir á starfsmannafundum og á starfsdögum að vori.

Í starfsmannahandbók Klettaskóla, sem verið er að endurskoða, er stuttlega fjallað um símenntun en áherslur skólans í símenntunarmálum koma ekki fram og ekki er um eiginlega símenntunaráætlun að ræða. Aftur á móti er boðið upp á símenntun innan skólans, s.s. námskeið og fræðslufundi og starfsfólk er hvatt til að sækja ráðstefnur og haustsmíðjur sem boðið er upp á.

Í starfsáætlun skólans er ekki fjallað sérstaklega um hvaða símenntun stendur starfsfólki skólans til boða, en skólaárið 2012-2013 var gerð tilraun með formlega jafningjafræðslu innan skólans þar sem fagfólk bauð samstarfsfólki upp á stutta fræðslufundi og ætlunin er að halda því áfram, að því er fram kemur í starfsáætluninni. Í rýnihópi fagfólks á yngra stigi kom fram ánægja með það fyrirkomulag, „nýtum mannauðinn sem er hér innanhúss“. Í rýnihópum kom fram að starfsfólk er ekki sérstaklega hvatt til að sækja sér símenntun utan skólans. Stuðningsfulltrúar í rýnihópi sögðust ekki mikið sækja sér símenntun, „líka lítið verið að kynna slíkt, lítið skipulagt. Fengjum það líklega ef við bæðum um það“. Einnig var gagnrýnt í hópnum að ekki hefði verið boðið strax upp á skyndihjálparnámskeið í haust fyrir nýja starfsmenn.

Í starfsáætlun skólans 2013-2014 er sagt frá þeim þróunarverkefnum sem eru í gangi í skólanum; þróun á útfærslu einstaklingsnámskráa, gerð skólanámskrár, gerð rafrænnar tengingar milli einstaklingsnámskráa og skólanámskrár og notkun snjalltækja í skólastarfinu. Auk þess er þátttökubekkur Klettaskóla við Árbæjarskóla í þróun. Þróunarverkefni eru ekki styrkt af utanaðkomandi aðilum

Sameining í Klettaskóla

Safamýrarskóli og Öskjuhlíðarskóli voru sameinaðir í Klettaskóla haustið 2011. Til grundvallar sameiningunni liggur skýrsla starfshóps um tilhögun náms og kennslu nemenda með þroskahömlun frá árinu 2010. Í aðdraganda sameiningarinnar var stofnaður verkefnahópur undir stjórn Erlu Gunnarsdóttur, skólastjóra Safamýrarskóla. Hópurinn skiptist síðan í tvo undirhópa, húsnaðishóp og faghóp sem ræddi drög að stefnumótun fyrir nýjan skóla. Ákveðnir þættir voru bornir undir starfsmenn og teknir til umræðu í starfsmannahópum beggja skólanna. Einnig var opnuð umræðugátt á neti þar sem starfsfólk gat komið sínum skoðunum á framfæri.

Að mati skólastjóra Klettaskóla hefur sameining skólanna gengið vel og verið „skemmtilegt verkefni“, starfsfólk lagði líka metnað sinn í að láta allt ganga upp, „allir sem einn maður, þó menn hafi verið miskátir“. Gagnrýni kemur fram í einum rýnihópi á að skort hafi á stefnumótun í sameiningunni og ekki hafi verið unnið að því að sameina ríkjandi menningu skólanna tveggja, „Það vantar að formgera og stofnanagera“, segir þar. Sameiningarferlið hafi verið unnið „fyrir luktum dyrum“ og án þátttöku starfsmanna.

Að mati stjórnenda var það ærið verkefni að leggja niður tvo skóla og stofna nýjan og „allt sem því fylgir bæði húsnaðislega, búnaður og koma öllu fyrir og nýtt skipulag og annað“ og „fólk lyfti grettistaki“. Fyrst nú sé komið ráðrúm til að móta nýja verkferla, skólanámskrá og fleiri skjöl um skólastarfið í nýjum skóla. Það er einnig mat stjórnenda að stuðningur hafi ekki verið nægjanlegur af hendi Reykjavíkurborgar og undirbúningur vanmetinn.

Þátttakendur í rýnihópi fagfólks á yngri stigi sögðu að sameining Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla hefði tekist vel, „Safamýrin var orðin mjög lítill skóli og það var gott að komast inn í stærra umhverfi“, „Já, það var líka gott að fá Safamýrina hingað til okkar“. Stuðningsfulltrúar í rýnihópi voru líka á því að sameiningin hefði tekist ágætlega, „Þetta eru ekki tvö lið, kannski alveg í blábyrjun, en ekki lengur. Það er góður mórall hér“. Starfsfólk á skrifstofu, í eldhúsi og í hússtölu var á sama máli, „Finnst ganga vel að sameina þessa tvo starfsmannahópa úr gamla Safamýrarskóla og Öskjuhlíðarskóla. Fólk er náttúrulega að vinna saman með sínum námshópum og kynnist þá vel. Það er engin skipting milli hópanna í kaffistofunni, allir setjast hjá öllum“. Í rýnihópum millistjórnenda og fagfólks á eldra stigi kom fram meiri gagnrýni á hvernig staðið hefði verið að sameiningunni, „Sameiningin var rosalega erfið og þá vegna þess að þetta var illa skipulagt og kaótískt, þannig að maður vissi ekkert hvar maður stóð og þetta var of bratt“, „Það situr enn í mér það mikla álag sem var lagt á fólk hér á fyrstu haustdögum [2011] ...en það gerðu allir eins og þeir gátu og eiginlega fram yfir það“. Þátttakendur í hópunum tveimur voru þó sammála því að starfsandinn væri góður í skólanum og fólk ynni vel saman, „ef maður kemur á kaffistofuna er hægt að setjast hvar sem er...Þó þetta sé erfitt gerir fólk þetta saman, allt sem þarf að gera“.

Fagfólk í rýnihópi talar einnig um að með sameiningunni hafi nemendahópurinn orðið breiðari hvað varðar getu og „eftir því sem þau eldast aðgreinum við þau meira“.

Hjá öllum rýnihópum starfsfólks og foreldra kemur fram að húsnaði sé bæði of þröngt og lítið fyrir þann nemendahóp sem kemur til viðbótar frá Safamýrarskóla og erfitt að koma fyrir öllum þeim hjálpartækjum sem fylgja nemendum. Eins er mjög gagnrýnt að aðstaða til íþróttakennslu sé ekki nógu góð og sundlaug vantar við skólann. Það að þurfa að sækja nauðsynlega hreyfipjálfun nemenda langar leiðir þýðir aukið álag fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Þess er vænst að byggt verði við skólann sem allra fyrst og þar með bætt úr brýnum

húsnæðisvanda. Sömuleiðis hentar skólalóðin illa þeim nemendahóp sem kemur frá Safamýrarskóla.

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Menntun og velferð barna er í öndvegi í Klettaskóla og áhersla er lögð á fjölbreyttar boðskiptaleiðir og einstaklingsmiðað nám.
- Skólinn veitir ráðgjöf til annarra grunnskóla um málefni fatlaðra nemenda.
- Á sérkennslutorgi sem Klettaskóli hefur umsjón með er gagnabanki um ýmislegt varðandi kennslu og nám nemenda með sérþarfir.
- Vel er staðið að móttöku nýrra starfsmanna.
- Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og starfsfólk vinnur saman í teyllum um nemendahópa.
- Góður starfsandi er í Klettaskóla, að mati starfsmanna, þó sameiningin hafi tekið á.
- Fundir starfsmanna eru reglulegir, boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar.
- Vel er staðið að samstarfi milli skólastiga og gerð tilfærsluáætlun fyrir nemendur þegar þeir fara í framhaldsskóla.

Tækifæri til umbóta:

- Kynna stefnu skólans og einkunnarorð fyrir öllum hagsmunaaðilum skólans.
- Aðlaga skipurit þannig að lýsi betur stjórnskipan skólans.
- Birta á heimasíðu skólans upplýsingar um þáttökubekk Klettaskóla í Árbæjarskóla.
- Gera formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur eða starfsfólk.
- Móta verklag um viðbrögð við einelti meðal starfsmanna.
- Afla upplýsinga hjá sakaskrá um alla starfsmenn.
- Skýra reglur um upplýsingagjöf um nemendur.
- Tryggja upplýsingar til allra starfsmanna.
- Upplýsa starfsfólk um skipulag og möguleika ráðgjafar í skólanum.
- Leita allra leiða til að bæta aðbúnað nemenda í húsi og á skólalóð.
- Halda áfram vinnu að stefnumótun og jákvæðum viðhorfum til skólastarfs í sameinuðum skóla.
- Móta formlega símenntunaráætlun fyrir starfsmenn.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun Klettaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans. Þegar starfsáætlunin var yfirfarin hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur taldist hún uppfylla að flestu leyti grunnskólalög nr. 91/2008, aðalnámskrá grunnskóla (2011) og tilmæli skóla- og frístundasviðs um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur (sjá í fylgiskjöllum: Gátlisti um starfsáætlun skóla). Í starfsáætlun Klettaskóla fyrir skólaárið 2013-2014, kemur fram stefnumótun um þátttöku allra nemenda í námssamfélaginu, að námið byggji á styrkleikum nemenda, fjölbreyttar leiðir séu nýttar í einstaklingsmiðuðu námi, að allar boðskiptaleiðir séu fullgildar í skólanum, að nemendur öðlist færni í að vinna með öðrum og innan um aðra, teymisvinnu starfsmanna, aldurskipt námshópakerfi, að húsnæði og búnaður þjóni öllum nemendum og að starfsmannahópurinn sé sterk fagleg og félagsleg eining.

Drög að skólanámskrá Klettaskóla, almennum hluta, liggja fyrir við matið og að sögn skólastjóra er þar verið að koma verklagi og hugmyndafræði skólans „á pappírinn“ auk þess sem hliðsjón er höfð af aðalnámskrá. Síðar á þessu skólaári verður byrjað að huga að greinanámskrám, segir hún einnig í viðtali. Farið var yfir skólanámskrána með gátlista (sjá fylgiskjal), eins og þar kemur fram vantar upplýsingar um nokkra þætti sem þar eiga að vera skv. aðalnámskrá 2011 og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Á heimasíðu skólans er að finna skólanámskrár Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla frá skólaárinu 2010-2011 eða fyrir sameiningu skólanna, ekki er ljóst hvort verið er að vinna eftir þeim að einhverju leyti.

Námsvísar eða námsáætlanir fyrir námshópa eða aldursstig eru ekki hluti af skólanámskrá og liggja ekki fyrir við matið. Í einstaklingsnámskrám koma fram markmið námsgreina og gegna þannig að einhverju leyti hlutverki námsvísa. Æskilegt er þó að fyrir liggi námsvísar fyrir námsgreinar og árganga sem hægt er að vísa í við gerð einstaklingsnámskrár.

Einstaklingsnámskrár

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur og er sama form notað við gerð þeirra allra í öllum meginatriðum. Áherslumunur er innan einstakra námsþátta/námsgreina eftir færni og þörfum hvers nemanda.

Á forsíðu einstaklingsnámskrárinnar kemur fram nafn nemandans, bekkur og nafn/nöfn þeirra sem hafa umsjón með nemandanum. Námskrárnar eru síðan þannig uppbyggðar að hver námsþáttur/námsgrein rekur aðra þar sem tiltekið er hvaða færniþætti eða markmið nemandinn stefnir að í viðkomandi námsþætti, hvaða leiðir/námsgögn eru notuð, hvaða leiðir/gögn eru lögð til grundvallar við námsmat og 4 möguleikar við framsetningu mats á hvort eða að hve miklu leyti viðkomandi færniþætti eða markmiði er náð. Til viðbótar er í mörgum námskrám gert ráð fyrir mati á frumkvæði, virkni/vinnusemi, úthaldi og áhuga í einstökum námsþáttum/námsgreinum.

Í einstaklingsnámskrám koma eftirfarandi námsþættir/námsgreinar fram. Ekki eru allir námsþættir í öllum námskránum:

- boðskipti/málörvun/íslenska
- hugsun/rökhugsun/stærðfræði
- skynnám
- lífsleikni/athafnir daglegs lífs
- náttúrufræði/samfélagsfræði/kristinfræði
- enska
- íþróttir og sund
- myndmennt/hönnun/smíði/textílmenn
- sköpun
- tónmennt
- heimilisfræði
- upplýsingatækni

Í einstaklingsnámskránum koma ekki fram bakgrunnsupplýsingar um nemandann. Slíkar upplýsingar eru hins vegar mikilvægar til að draga fram samhengið á milli markmiða, leiða og náms og kennsluáferða og einkenna og þarfa nemandans. Bakgrunnsupplýsingar í einstaklingsnámskrá eru þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar og mikilvægar fyrir nám og

kennslu viðkomandi nemanda s.s. upplýsingar um áhugamál nemandans, áherslur og væntingar foreldra, mat á námslegri stöðu, félagsfærni eða félagslegri stöðu og styrkleikar nemandans.

Ekki eru tiltekin yfirmarkmið fyrir nemendur, hvorki námsleg né félagsleg. Mikilvægt er að setja fram slík yfirmarkmið fyrir nemendur annaðhvort í námsvísi hópsins eða einstaklingsnámskrám nemenda. Markmiðin eru lýsandi fyrir þær megináherslur sem lagðar eru á viðkomandi aldurstigi og breytast með aldri og þroska nemandans eða nemendahópsins. Þar sem markmið nokkurra nemenda í hverjum námshópi eru sambærileg er spurning hvort ekki sé eðlilegt að gerðir séu námsvísar fyrir hvert aldurstig og síðan taki einstaklingsnámskrár við þar sem bregður frá viðkomandi námsvísi.

Námsmarkmið nemenda í hverjum námsþætti/námsgrein eru skýr og í flestum tilfellum mælanleg. Hins vegar kemur ekki fram hvenær né hve ört þau eru metin eða endurskoðuð. Þegar um er að ræða svo afmörkuð markmið er eðlilegt að þau séu metin reglulega yfir skólaárið og það komi fram í námskránum þannig að framvinda framfara verði þar sýnileg yfir skólaárið. Þetta er ekki síst mikilvægt með tilliti til rökstuðnings að baki þeim markmiðum sem valin eru. Eins og námskrárnar eru nú er ekki að finna rökstuðning fyrir vali markmiða, hvorki með sýnileika á framvindu framfara, hvaða færni nemandinn hafi þegar náð, né umfjöllun um markmiðin.

Í námskránum er sérstakur kafli fyrir leiðir og námsgögn sem nota á til að ná færniþáttum viðkomandi námsgreinar. Í flestum tilfellum er um að ræða upptalningu á námsgögnum og hvaða tími er fyrir hvern námsþátt s.s. samverustund, boðskiptatími. Einnig koma fyrir stuttar lýsingar á því sem á að fara fram. Ekki er farið út í að lýsa aðferðum að öðru leyti s.s. hvort um er að ræða samvinnu milli nemenda, hópverkefni, tilraunir og uppgötvanir, kveikjur að verkefnum o.s.frv.

Taldar eru upp þær leiðir sem eru lagðar til grundvallar við námsmat, próf, kannanir, skimunarpróf, símat og skráning, verkefnasafn og raunfærnimat. Síðan eru gefnir fjórir möguleikar varðandi mat á hvort eða að hve miklu leyti hverju markmiði er náð. Ekki koma fram upplýsingar um hversu oft námsmat fer fram og hvernig það er birt nemendum og foreldrum.

Í einstaklingsnámskránum er ekki fjallað um hvernig form er á samvinnu við foreldra viðkomandi nemanda, s.s. varðandi nauðsynlegar upplýsingar sem þurfa að fara milli heimilis og skóla, samskiptabók, dagbók, heimanám. Ekki kemur fram í öllum einstaklingsnámskrám að gert sé ráð fyrir undirritun foreldra og hve ört einstaklingsnámskrárnar eru endurskoðaðar. Ekki kemur fram hverjir vinna með nemandanum fyrir utan þann/þá sem hafa umsjón með honum né hvers konar sérstaka þjónustu nemandinn þarf vegna fötlunar sinnar, hver sinnir henni eða ber ábyrgð.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður og stundatafla er samfelld. Skólinn opnar kl. 7:30, stuðningsfulltrúar taka á móti nemendum við komu þeirra í skólann um kl. 7:55 og kennarar og þroskaþjálfar taka á móti nemendum í bekkjarstofum kl. 8:10. Eftir að skóla lýkur býðst öllum nemendum að sækja frístundastarf utan skólans.

Flestir nemendur koma í skólann með skólabílum, nema í yngstu aldurshópum þar sem algengt er að foreldrar keyri nemendur í skólann. Einnig er akstur í sund og í frístund eftir skólatíma. Akstur er skipulagður á vegum Strætó bs, en innan skólans er það aðstoðarskólástjóri sem er í tengslum við fyrirtækið og bílstjóra vegna akstursins og skipulags

á honum. Foreldrar hafa beint samband við skólabílstjóra ef um breytingar er að ræða, Það að nemendur koma í skólann með skólabíl þýðir einnig að foreldrar koma sjaldnar í skólann, „gallinn við þetta frábæra skólabílakerfi er að þú kemur aldrei hingað og skiptist á skoðunum við kennara eða foreldra“, segir í rýnihópi foreldra.

Skóladagurinn hefst skv. stundaskrá kl. 8:10 og lýkur hjá 1.-4. bekk kl. 13:10 fjóra daga vikunnar en 13:50 einn dag vikunnar. Í 5. bekk lýkur skóladegi kl. 13:50 þrjá daga og 14:10 tvo daga, en hjá 6. og 7. bekk eru allir dagar til 14:10. Í 8.-10. bekk eru tveir dagar til 15:20 en hinir ýmist til 13:50 eða 14:10. Miðað við stundatöflur nemenda fylgir vikulegur námstími viðmiðunarstundaskrá ef teknir eru saman tímar á hverju stigi.

Nám nemenda er skipulagt miðað við einstaklingana eða litla hópa sem fylgjast að. Skóladagurinn er skipulagður í 40 mínútna einingum, sem að mati rýnihóps fagfólks hentar það ekki öllum nemendum og væri betra að hafa 60 mínútna einingar, „stundaskráin passar ekki fyrir fötluðustu nemendurna“, segir þar.

Mikil hreyfipjálfun fer fram í skólanum, auk sund- og íþróttakennslu fá nemendur sem þess þurfa sjúkra – og iðjuþjálfun á skólatíma. Boðið er upp á valgreinar á á öllum stigum, flestar á unglíngastigi eða alls 13, og má þar sem dæmi nefna fluguhnýtingar og hjólástólaladans. Allir hópar fá einnig list- og verkgreinakennslu.

Verklagsreglur og áætlanir

Í skólanámskrá kemur fram að áhersla er lögð á að í skólanum sé vingjarnlegt og áhugavert umhverfi og samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu og umhyggju.

Skólareglur er að finna í starfsáætlun skólans, þær eru fáar og einfaldar með áherslu á hlýðni nemenda. Nemendur sem rætt var við segjast þekkja reglurnar og nefna aðspurðir reglu um hvað má koma með í nesti og „ekki leggja í einelti, ekki stríða, ekki skilja útundan“ og „bannað að slást“. Ef þau verða vitni að því að reglur séu brotnar segjast þau tala við kennarann. Að mati kennara í rýnihópi vantar samræmdar reglur um ýmislegt, s.s. meðferð síma, en kennarar geta sett bekkjarreglur með sínum hópi. Nýlega er farið að setja upp myndrænar vísbendingar um hvað má og hvað ekki á göngum og telja kennarar það góðan kost fyrir nemendur.

Í drögum að skólanámskrá er fjallað um íhlutun og stýringu ef nemandi sýnir óæskilega hegðun. Tekið er fram að beiting líkamlegrar refsingar og einangrunar er óheimil.

Upplýsingar um nemendaverndarráð eru í starfsáætlun sem birt er á heimasíðu skólans. Forvarnaráætlun er ekki birt í gögnum skólans og áætlun um viðbrögð við einelti meðal nemenda er ekki að finna á heimasíðu eða í gögnum skólans sem liggja fyrir við matið.

Fjallað er um öryggismál í starfsáætlun skólans, þar kemur m.a. fram að bekkjarkennari vinnur rýmingaráætlun fyrir sinn nemendahóp. Fara skal yfir viðbragðsáætlanir árlega og þær æfðar, segir þar einnig.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur er hluti af reglum um inntöku nemenda í skólann. einnig liggja fyrir reglur um útskrift svo og tilfærsluáætlun þegar nemendur fara í framhaldsskóla.

Það sem vel er gert:

- Vikulegur námstími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla.

- Í einstaklingsnámskrám koma fram skýr og mælanleg markmið nemenda.
- Mikil hreyfipjálfun fer fram í skólanum og sjúkra- og iðjupjálfun fer fram á skólatíma.
- Skólareglur eru skýrar og í starfsmenn meðvitaðir um viðbrögð við óæskilegri hegðun.
- Bekkjarkennari vinnur rýmingaráætlun fyrir sinn nemendahóp og viðbragðsáætlanir eru æfðar reglulega.
- Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta:

- Ljúka gerð nýrrar skólanámskrár og birta á heimasíðu.
- Móta námsvísa/námsáætlanir fyrir námshópa eða aldursstig.
- Móta röklega heildarsýn á nám nemandans í einstaklingsnámskrám.
- Móta forvarnaráætlun skólans og þar á meðal jafnréttisáætlun starfsmanna.
- Endurskoða stundatöflur með það í huga að námstími og hlé henti þörfum nemenda.

Samskipti heimila og skóla

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í foreldrakönnun skóla- og frístundasviðs 2012 svöruðu 58 foreldrar barna í Klettaskóla könnuninni af 72 í úrtaki eða 81%. Niðurstöður voru þær að 91% foreldra voru ánægðir með Klettaskóla þegar á heildina var litið sem er hærra en í Reykjavík að meðaltali (84%). 78% foreldra voru ánægðir með stjórnun Klettaskóla en sem er svipað og í öðrum grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (75%).

Í heildina voru niðurstöðurnar góðar í foreldrakönnuninni fyrir skólaárið 2012-2013, mikil ánægja var með samskipti umsjónarkennara við barnið og við foreldra eins og reyndar í öðrum skólum. Einnig voru foreldrarnir mjög ánægðir með starfsfólkið og hlýtt viðmót þeirra. Meirihluti foreldra eða 91% taldi að barninu líði vel í skólanum almennt og 87% taldi barninu líða vel í kennslustundum. Af foreldrum barna í Klettaskóla urðu aðeins 4% foreldra varir við að barnið hafi orðið fyrir einelti en það er lægra í öðrum skólum Reykjavíkur sama ár (18%). Foreldrar töldu að eineltið ætti sér helst stað í frímínútum. Meirihluti foreldra eða 65% þekjka ekki eineltisáætlun skólans en 33% töldu að vel væri unnið eftir henni.

Alls höfðu 56% verið í samstarfi við gerð einstaklingsnámskrár fyrir barn sitt en 44% svöruðu að þeir hefðu aldrei tekið þátt í að gera einstaklingsnámskrá. 87% foreldra telja að verkefni sem barnið fái í skólanum séu hæfileg og 98% finnst agi hæfilegur. 81% foreldra sögðust fá nægar upplýsingar um námslega stöðu barna sinna í námsmati.

Í foreldrakönnuninni komu fram athugasemdir við og óánægja með húsnæði skólans og aðstöðu, sérstaklega með íþróttaaðstöðu og að ekki skuli vera sundlaug á staðnum og nemendur þurfi að sækja þá kennslu og þjálfun annað. Gagnrýni á húsnæðið kom einnig fram í rýnihópi foreldranna, bent var á að það var ekki byggt með hreyfihamlaða í huga. Skólalóðin er einnig þannig að erfitt er að komast um hana í hjólastól og tæki henta ekki fötluðum börnum.

Meirihluti foreldra voru ánægðir með máltíðir sem barnið fékk eða 60% (í öðrum skólum í Reykjavík voru 54% sama sinnis) og einnig með aðstöðu til að matast (76%).

Foreldrar í rýnihópi nefndu faglegt starf, jákvæðni og sveigjanleika meðal styrkleika skólans. Einnig fannst þeim mikill styrkur hversu vel skólinn er mannaður, „hverju barni er sinnt“.

Mikil ánægja kom fram með heimasíðu skólans og almennt voru foreldrar í rýnihópi ánægðir með samskiptin við skólann, „Góð samskipti við kennarana, samskiptabækurnar eru mjög mikið notaðar“.

Þeir voru mjög ánægðir með starfsfólk skólans og viðmót þeirra til barnanna „mikil fagmennska, þjónustulund og þolinmæði“ einkenna starfið að þeirra mati. Foreldrar sem hafa reynslu af veru barnanna í öðrum skólum segjast merkja breytingu á þeim eftir tilfærsluna „hegðun, líðan, fara að sofa og vakna, mataræði, samskipti, það er svo margt sem spilar saman sem hefur batnað“, segir foreldri í rýnihópi. Einn af kostunum við skólann segja þau vera að mikinn skilning á aðstæðum fjölskyldna með fötluð börn.

Foreldraviðtöl eru regluleg 2-3svar á skólaári, þá er farið yfir framfarir nemandans og stöðu hans gagnvart markmiðum í einstaklingsnámskrá. Teymisfundir eru einnig um nemendur með þátttöku fagfólks skólans, sérfræðinga og foreldra. Nemendur taka almennt ekki þátt í foreldraviðtölum né teymisfundum.

Við erum alltaf velkomin í skólann, segir í rýnihópi, en erum kannski ekki mikið að notfæra okkur það. Foreldrar töldu að upplýsingaflæði um námslega stöðu mætti bæta og auka notkun á Mentor-samskiptakerfinu, „væri rosa gott að fá stöðumat einu sinni í mánuði“, segir í rýnihópi þeirra.

Starfsmenn voru almennt ánægðir með samskipti heimilis og skóla eins og kom fram í rýnihópum, að þeirra mati eru samskiptin meiri en gerist í almennum skólum og samskiptabækur fara á milli heimilis og skóla daglega. Þátttakendur í rýnihópum fagfólks á yngra og eldra stigi sögðust vera í daglegum samskiptum við foreldra í gegnum samskiptabækur sem fara á milli heimilis og skóla. Samskiptabækurnar voru upphaflega hugsaðar sem grundvöllur fyrir samræður barns og foreldra heima, kennarar skrifa í bókina hvað barnið var að gera í skólanum og hvað var verið að fjalla um, þannig að bækurnar eru líka vettvangur fyrir skilaboð á milli heimilis og skóla. Foreldrar hafa líka samskipti í gegnum síma og tölvupóst og yfirleitt ganga samskiptin vel. Kennarar í 2. bekk halda úti bloggsíðu og eru duglegir að setja þar inn myndir úr starfinu. Allmargir nemendur Klettaskóla koma í með skólabíl þannig að sumir foreldrar koma sjaldan eða aldrei í skólann. Stuðningsfulltrúar eru ekki í miklum samskiptum við foreldra, að sögn þátttakenda í rýnihópi.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð starfar við Klettaskóla skv. lögum um grunnskóla og reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Í skólaráðinu situr skólastjóri, tveir fulltrúar kennara/fagfólks, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins sem kemur frá þjónustumiðstöðinni. Skólaráðið fundar 2-3svar á önn, skólastjóri annast skipulag funda. fundargerðir eru ritaðar og sendar á fundarmenn. Á heimasíðu eru nöfn fulltrúa í skólaráði og þar er birt ein fundargerð ráðsins ásamt reglugerð um skólaráð. að mati rýnihóps þekkjast foreldrar almennt ekki mikið til skólaráðsins.

Foreldrafélag skólans er starfandi og virkt bæði í skipulagi viðburða, „hittumst að hausti og förum yfir hvað á að gera“ og sem „styrktarfélag“ eins og það er orðað í rýnihópi, hlutverk félagsins er m.a. að safna fyrir sumardvöl nemenda. Nokkur skipti urðu í stjórn félagsins frá sl. ári, „við erum öll ný“.

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- 91% foreldra eru ánægð með Klettaskóla og sama hlutfall telur að barninu líði þar vel skv. foreldrakönnun.
- Að mati foreldra er einelti lítið í skólanum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki er styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi svo og að skólinn er vel mannaður.
- Daglega eru upplýsingar skráðar í samskiptabækur sem fara á milli heimila og skóla.
- Skólaráð starfar við skólann skv. reglugerð þar um.
- Foreldrafélag skólans er virkt og styður við skólann með fjáröflun og skipulagningu viðburða.

Tækifæri til umbóta:

- Auka þátttöku foreldra í markmiðasetningu í einstaklingsnámskrá.
- Bæta upplýsingar til foreldra um námslega stöðu nemenda.
- Nemendur taki þátt í fundum þar sem fjallað er um málefni þeirra.
- Móta áætlun um viðbrögð við einelti meðal nemenda.

Svið II Nám og kennsla

Nám og námsaðstæður

Klettaskóli er sérskóli í Reykjavík á grunnskólastigi fyrir nemendur með þroskahömlun. Kennslan er því einstaklingsmiðuð og allir nemendur með sína einstaklingsnámskrá.

Inntak og árangur

Skólanámskrá Klettaskóla liggur fyrir í drögum við matið en er ekki aðgengileg á heimasíðu skólans. Námsvísar eða námsáætlanir fyrir árganga eða aldursstig liggja ekki fyrir.

Markmið einstaklingsnámskráa eru skýr, hvað varðar nám, þjálfun og leiðir. Þær eru endurskoðaðar reglulega í janúar og maí. Gerð er grein fyrir matsaðferðum í stuttu máli í flestum greinum en ekki öllum. Bakgrunnsupplýsingar eru ekki hluti af námskránni. Styrkleikar og áhugasvið hvers nemanda eru ekki tilgreindir í einstaklingsnámskrám.

Í rýnihópi foreldra kom fram að einhverjir þeirra fá einstaklingsnámskrá senda fyrir fund og geta þannig haft áhrif á áherslur í námi og þjálfun. Þá er gert ráð fyrir undirskrift foreldra í sumum námskránum en ekki í öllum. Í einstaklingsnámskrám koma ekki fram væntingar foreldra til skólagöngunnar og námsins.

Skipulag náms og námsumhverfi

Í Klettaskóla er aðbúnaður og námsumhverfi mismunandi eftir aldurshópum og tilgangi hvers rýmis. Námsumhverfi er vel skipulagt og aðlaðandi. Aðbúnaður styður yfirleitt við þarfir nemenda námslega og hegðunarlega en þrengsli eru þó töluverð; bæði í miðrymum og kennslustofum. Hjálpartæki og ýmis búnaður er meðal annars geymdur á göngum. Í rýnihópum starfsfólks og vettvangsathugun kom fram að þrengslin hamli starfinu. Starfsfólk hefur leitað ýmissa lausna meðal annars með því að nota skilrúm og hólfa af rými innan kennslustofu. Í þáttökubekk Klettaskóla við Árbæjarskóla er allur aðbúnaður til fyrirmyndar. Kennslustofan er stór og rúmgóð, námsgögn aðgengileg og auðvelt að skipta stofunni upp í vinnusvæði eftir þörfum.

Framvinda náms fylgir einstaklingsmarkmiðum sem fram koma í einstaklingsnámskrá nemenda. Í skólanum er megináhersla lögð á einstaklingskennslu, þjálfun, umönnun og hegðunarmótun. Af einstaklingsnámskrám og vettvangsathugunum má ráða að daglegt starf með nemendum er byggt á upplýsingum um stöðu hvers nemanda og fyrirbyggjandi greiningum.

Í drögum að skólanámskrá, kafla um nemendur er m.a. sagt frá reglum um inngríp en þær ekki birtar, einnig er fjallað um réttindi nemenda og takmarkanir á þeim, íhlutun og stýringu. Í vettvangsathugunum og rýnihópum kemur fram að starfsmenn eru vel meðvitaðir um viðbrögð við óæskilegri hegðun og reglurnar eru birtar í starfsmannahandbók.

Í vettvangsathugunum nýttu kennarar og annað starfsfólk hrós og hvatningu, réðu í hegðun og líðan nemenda og brugðust við með viðeigandi hætti. Töluverð umönnun er í kringum nemendur og samskiptabækur við foreldra nýttar markvisst til að koma skilaboðum og upplýsingum á milli. Í rýnihópi foreldra kemur fram að þeir telja sig misvel inn í daglegu starfi en segjast eigi að síður vera í góðum tengslum við kennara.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennsla í Klettaskóla er einstaklingsmiðuð. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemenda sem er byggt á mati á stöðu nemandans og upplýsingum frá foreldrum og greiningaraðilum ef

við á. Námskrár nemenda eru skriflegar og þær eru endurmetnar reglulega. Í gögnum skólans kemur fram að lögð er áhersla á fjölbreytta starfshætti og námsleiðir í einstaklingsmiðuðu námi. Einkunnarorð skólans eru: *Menntun fyrir lífið* þar sem hugtakið *menntun* felur í sér reynslu, þroska, færni og þekkingu og fyrir lífið táknar bæði nútíð og framtíð. áherslurættir eru m.a. að byggja á styrkleikum nemenda og að allar boðskiptaleiðir sem gagnast nemendum séu fullgildar og notaðar í skólanum (Heimasíða. Starfsáætlun).

Í skólanámskrá kemur fram að lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og það að tengja saman sérhæfðar kennsluáðferðir fyrir nemendur allt eftir fötlun og þörfum viðkomandi. Nefnd er málkennsla, hreyfi-, sjúkra- og iðjuþjálfun og leitast er við að finna heppilegar tjáskiptaleiðir fyrir nemendur með alvarlega málhömlun eða talörðugleika.


Að mati kennara eru kennsluhættir fjölbreyttir og kennarar sérstaklega hugmyndaríkir að finna leiðir sem henta nemendum. Sjónrænar vísbendingar eru mikið notaðar og verkefni löguð að einstaklingum. Sem dæmi um kennsluhættina eru nefnt að sumir setja upp hringekjur í sinni kennslu og söguaðferðin er notuð í samfélagsfræði. Reynt er að vera með paravinnu eða hópavinnu segir í rýnihópi kennara. Verið er að þróa vinnu með spjaldtölvur. Kennarar tala um mikla breidd í nemendahópnum og að hún hafi aukist þannig að mikill tími fari í umönnun umfram kennslu. Sömuleiðis fari mikill tími í hegðunarvandamál vegna nemenda með geðræna erfiðleika. Kennarar nefna líka „of stíft prógramm“ bæði fyrir nemendur og kennara þegar verið er að skipta úr einni grein í aðra eftir kannski eina kennslustund.

Innan bekkja eða árganga segjast kennarar skipta í námshópa eftir því hvar þau eru stödd í náminu og eftir getu og áhuga.

Fagmennska kennara og sérþekking þeirra endurspeglast í kennslu og skipulagi náms út frá þörfum nemenda. Í vettvangsathugunum kemur fram að kennsla er almennt vel undirbúin, tími vel nýttur og verkefni nemenda miðuð við þarfir þeirra og við einstaklingsnámskrá. Samskipti starfsfólks við nemendur einkennast af virðingu en í sumum tilvikum hefði mátt nýta betur tækifæri til að efla samskipti og félagslegt samspil nemenda (sjá fylgiskjal 3, vettvangsathuganir).


Í vettvangsathugunum voru heimsóttar 25 kennslustundir. Meðal þess sem markvisst er skoðað eru þeir kennsluhættir sem sýnilegir eru í stundinni. Oftast var merkt við sköpun og tjáningu eða í 39% tilvika. Beina kennslu/innlögn/ umræður var merkt við í 7% tilvika og verkefnavinnu í 23% sem er lægra en almennt að meðaltali í þeim skólum sem borið er saman við (36%).³

³ Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgst var með.




Til samanburðar er mynd sem sýnir hvernig kennsluhættir skiptast að meðaltali í þeim skólum sem þeir hafa markvisst verið skoðaðir sl. 4 ár.

Miðað við það sem fram kemur í vettvangsathugunum er æskilegt að leita leiða til að auka val nemenda um viðfangsefni og námsleiðir og efla markvissa samvinnu nemenda. Einnig að nemendur vinni heildstæð samþætt verkefni.



Farið var í vettvangsheimsókn í alls 25 stundir og lagt var mat á gæði þeirra samkvæmt viðmiðum sem notuð eru við heildarmatið (sjá fylgiskjal 2: Viðmið um gæði kennslu). Af þeim voru 20% stundanna metnar frábærar, 68% góðar, 12% viðunandi og engin óviðunandi (Fylgiskjal 3: Vettvangsheimsóknir).



Að meðaltali er hlutfall gæða kennslustunda í þeim grunnskólum sem metnir hafa verið sl. ár þannig: Frábærar 11%, góðar 64%, viðunandi 22%, óviðunandi 3%.

Gæði kennslustunda eru metin m.a. út frá því hve vel og markvisst kennari skipuleggur stundina, hversu vel tíminn er nýttur og hvort nemendur eru virkir og áhugasamir. Kennslustund sem metin er viðunandi þarfnast úrbóta í einhverjum þáttum en getur verið góð í öðrum.

Námshættir og námsvitund

Í vettvangsathugunum virtust flestir nemendur sáttir við leiðir og aðferðir sem notaðar eru í námi og kennslu. Markvisst er unnið að því að efla nemendur í að gera sér grein fyrir hvað er viðeigandi hegðun. Miðað við það sem séð varð ræður kennarinn oftast ferðinni hvað varðar verkefni og einstaklingar hafa ekki mikið val um viðfangsefni eða námsleiðir.

Mikilvægt er að efla nemendur til að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfun eins og kostur er og veita þeim tækifæri til að setja sér eigin markmið til skemmri og lengri tíma. Þar sem breidd í nemendahópnum er mikil þarf að huga að því að hafa krefjandi verkefni fyrir nemendur sem eru getumeiri en hópurinn í heild. Nemendur nýta sér upplýsingatækni í spjaldtölvuverkefni sem er í þróun í skólanum.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur, markmið þeirra eru skýrt fram sett og þau endurmetin reglulega.
- Námsumhverfi nemenda er almennt vel skipulagt og aðlaðandi og í þátttökubekk er allt umhverfi til fyrirmyndar.
- Í vettvangsathugunum voru 88% kennslustunda metnar góðar eða frábærar.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sköpun og tjáning einkenna kennsluhætti.
- Sjónrænar vísbendingar eru mikið notaðar.
- Margvíslegum hæfileikum er gefinn gaumur og vakin er athygli á fjölbreyttum árangri.
- Daglega skrá starfsmenn upplýsingar í samskiptabækur nemenda.
- Starfsfólk er vakandi fyrir líðan og tjáningu nemenda, hrósar og hvetur.

Tækifæri til umbóta:

- Vinnu við skólanámskrá verði hraðað og hún birt sem fyrst.
- Æskilegt er að tilgreina styrkleika nemanda og líta til áhugasviðs þeirra í einstaklingsnámskrá.
- Vinna að námsvísunum eða námsáætlunum fyrir árganga eða aldursstig.
- Leggja þarf línur um hvernig auka megi markvissa samvinnu og félagsleg samskipti nemenda.
- Auka þyrfti val nemenda um viðfangsefni og/eða námsleiðir þar sem þess er kostur.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Í skólanum ríkir almennt jákvæður andi samstarfs og virðingar og sýnilegt er að starfsfólk leitar leiða með margvíslegum tjáningarleiðum til að nemendur geti tjáð vilja sinn. Í vettvangsathugunum var starfsfólk vel meðvitað um tjáningu hvers og eins og vakandi fyrir því að taka tillit til vilja/sjónarmiða nemenda. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði en ekki er starfandi nemendafélag í skólanum.

Ekki eru þó til skráðir ferlar eða verklag um hvernig nemendur geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri og nemendur virðast ekki hafa áhrif á námsumhverfi og námstilhögun nema hvað varðar eigin aðstæður hverju sinni.

Ábyrgð og þátttaka

Í viðtölum við nemendur kemur fram að þeir þekkja námsgreinarnar sínar og hafa skoðanir á því hvað er skemmtilegt, erfitt og leiðinlegt. Hins vegar kom ekki skýrt fram hvort nemendur þekktu markmið námseininganna/námsgreinanna. Við athugun í kennslustundum kom fram að kennarar og starfsfólk lagði sig fram við að skýra og lýsa því sem gera átti í kennslustundinni og hvers vegna. Ekki kom fram að nemendum væri sérstaklega kennt að setja sér eigin markmið í námi eða kæmu að því að setja sér markmiðin.

Í rýnihópum fagfólks og foreldra svo og í viðtölum kemur fram að foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sinna. Þeir hafi tækifæri til að skoða drög að einstaklingsnámskrám þegar þau eru tilbúin og gefa sitt álit og koma með ábendingar. Einnig kemur fram að öflugt upplýsingastreymi er milli skóla og heimilis bæði um námsframvindu nemenda og skólustarfið m.a. með samskiptabókum, tölvupósti, fréttablaði og bloggsíðu. Sumir foreldrar koma daglega í skólann með börnum sínum og hitta þá kennara oft en aðrir koma einungis á skipulögðum foreldradögum eða viðburðum. Foreldrar hafa þannig tækifæri til að fylgjast náið með námsframvindu barna sinna. Fram kom þó í rýnihópi foreldra að erfiðleikar virðast vera með að aðlaga Mentor að þörfum nemenda og hann sé því lítið notaður.

Í einstaklingsnámskrám koma markmið nemenda fram og metið er hvort og að hve miklu leyti þau hafa náðst. Í mörgum markmiðanna er tilgreint fjöldi skipta, stafa o.s.frv. sem nemandinn á að ná í viðkomandi markmiði. Slík viðmið eru foreldrum ljós í gegnum aðkomu þeirra að einstaklingsnámskránum. Önnur viðmið koma ekki fram s.s. viðmið varðandi virkni, úthald, áhuga og vinnusemi.

Öll samskipti fagfólks og annars starfsfólks við nemendur einkennist af virðingu og hvatningu. Þannig læra nemendur að meta eigin vinnu þó ekki fari fram bein kennsla í slíku sjálfsmati. Samskipti og hvatning starfsfólks hefur þannig áhrif á eflingu sjálfstrausts og sjálfsmats nemenda. Ekki kemur fram að nemendur taki sjálfir þátt í að meta eigin árangur.

Viðhorf nemenda

Í tengslum við heildarmatið voru tekin viðtöl við þrjá nemendur Klettaskóla, einn af hverju aldurstigi. Þar kemur fram að þeir eru ánægðir með kennarana, þeir eru skemmtilegir, þeir eru margir og allir góðir. Stærðfræðin er erfið, „deilingin er soldið erfið“ en ekki leiðinleg. Best í skólanum er að fara í sund, íþróttir og tölvur, „fótbolti og kúluspil“. Skemmtilegast er að vera með bekkjarfélögum.

Viðmælendum líður vel í skólanum að sögn, „bara glaður í skólanum“, segir einn þeirra og líður betur en í skólanum þar sem hann var áður.

Nemendur finnst aðbúnaður í góðu lagi, aðspurður um hvað mætti bæta segir einn þeirra: „Kannski fá grjónapúða í nemendaaðstöðu. Góðar tölvur, stundum hæg ef of mikið að leika sér í þeim. Ein tölva sem þarf að koma ný“ og um skólalóðina „ég myndi búa til rólu fyrir hjólastóla. Vegasalt fyrir þá. Fleiri lyftur“. Annar vill fá meiri leikfimi.

Í foreldrakönnun árið 2012 mátu foreldrar barna í Klettaskóla líðan barna sinna í skólanum góða. Meirihluti foreldra eða 91% taldi að barninu liði vel í skólanum almennt og 87% taldi barninu líða vel í kennslustundum .

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Í skólanum ríkir almennt jákvæður andi samstarfs og virðingar.
- Að mati foreldra líður nemendum vel í skólanum.
- Nemendur sem rætt var við lýstu ánægju með kennarana og skólann.
- Starfsfólk vel meðvitað um tjáningu hvers og eins og vakandi fyrir því að taka tillit til vilja/sjónarmiða nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Skrá verkferla um hvernig sjónarmiða nemenda er leitað um námsumhverfi og námstilhögun.
- Bæta aðbúnað á skólalóð
- Leita leiða til að efla félagsstarf nemenda og koma á nemendafélagi.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Í stefnu Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar er viðurkenning, þátttaka, margbreytileiki, virðing, árangur, samþætting í skólastarfi og stuðningur þættir sem lagðir eru til grundvallar í skilgreiningu á stefnunni. Sjá má dæmi um allfesta þessa þætti í skólastarfi Klettaskóla. Benda má þó á að ýmis sóknarfæri eru fyrir hendi t.d. hvað varðar frekari útfærslu á lýðræðislegum vinnubrögðum með nemendum, leitun leiða til virkari aðkomu þeirra að því að ákveða markmið sín, minni aðgreiningu og betri nýtingu tækifæra til samvinnu og samstarfs nemenda.

Í skólastarfinu er nemendum skipt í bekkir eftir aldri. Innan bekkja má síðan sjá skiptingu nemenda í hópa eftir fötlun. Til dæmis í 4.-5. bekk eru þeir nemendur saman í námshópi sem ekki þurfa mikil hjálpartæki vegna fötlunar sinnar og þeir nemendur sem þurfa mikla aðstoð við allar athafnir og mikil hjálpartæki eru saman í námshópi. Einstaka nemendur eru einnig einangraðir frá öðrum nemendum að einhverju eða miklu leyti vegna fötlunar sinnar. Í rýnihópi fagfólks kemur fram að reynt sé að setja þá nemendur saman í hóp sem passa saman fötlunar sinna vegna og að fyrir fötluðustu nemendurna passi stundaskrá skólans ekki. Í vettvangsathugunum sáust fá dæmi um að unnið væri markvisst að samstarfi, samvinnunámi nemenda og tækifæri til samskipta og samvinnu nemenda oft ekki nýtt sem skyldi. Nokkur aðgreining er því í skólanum á grundvelli fötlunar nemenda og ekki virðist mikil áhersla á samvinnu og samvinnunám.

Skólabragurinn í Klettaskóla einkennist af sanngirni og virðingu fyrir nemendum og starfsfólki eins og kom skýrt fram í vettvangsathugunum, viðtölum og rýnihópum. Skipulag skólans og mönnun tryggir að allir nemendur eru virkir í námi og starfi skólans.

Í rýnihópum og viðtölum við starfsfólk kemur fram að reynt er að nýta áhugasvið og hæfileika nemenda í viðfangsefnum þeirra. Dæmi um slíkt var einnig víða að sjá í vettvangsathugunum og í viðtölum við nemendur kemur fram að þeir fái tækifæri til að velja eða ákveða sjálfir hvað þeir læri. Þetta kemur þó ekki fram í einstaklingsnámskrám þar sem ekki er fjallað um áhugamál, sterkar hliðar og hæfileika nemenda þar.

Í einstaklingsnámskrám kemur fram að próf, kannanir, skimanir, símat og skráning, verkefnasafn og raunfærnimat eru allt leiðir sem lagðar eru til grundvallar í námsmati. Í viðtali við kennara kemur fram að mismunandi sé hvaða leiðir kennarar nota í námsmati einstakra nemenda en jafnframt að ýmis konar skráningar séu mikilvægar til að meta úthald og vinnubrögð. Í einstaklingsnámskrám kemur ekki fram námsframvinda og framfarir og því eru forsendur á bak við ákvarðanir kennara við að laga nám, leiðir og aðstæður að nemendum ekki sýnilegar.

Aðkoma foreldra að vali á námsmarkmiðum er í gegnum einstaklingsnámskrá eins og fram kemur í viðtölum og rýnihópum. Foreldrum eru kynnt drög námskrárinnar og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir eða áherslur. Ekki kemur fram að nemendur séu með í ráðum um námsmarkmið sín.

Í skólanum er nám nemenda einstaklingsmiðað og gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir alla nemendur. Hins vegar eru ekki gerðir námsvísar fyrir einstaka árganga eða aldursstig. Í vettvangsathugunum kom hins vegar fram áhersla á að viðfangsefni nemenda væru í samræmi við þarfir þeirra og áhuga.

Stuðningur við nám

Þar sem Klettaskóli er sérskóli með sérhæfingu á námi, kennslu og skólagöngu nemenda með þroskahömlun auk annarra fatlana þá er skólavist í Klettaskóla í sjálfu sér sérhæft umhverfi og stuðningur við nám.

Í rýnihópum og viðtölum kemur fram að markvisst er fylgst með framförum allra nemenda m.a. með einstaklingslegri skráningu. Fram kemur í einstaklingsnámskrám þær leiðir sem lagðar eru til grundvallar námsmati en ekki kemur fram hvernig er brugðist við niðurstöðum skimana og mats. Ekki er t.d. ljóst hve ört einstaklingsnámskrár eru endurskoðaðar og námsframvinda kemur ekki fram í þeim.

Öll kennsla í skólanum er einstaklingsmiðuð og bera kennarar og fagfólk ábyrgð á námi og kennslu. Kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrám þar sem markmið nemenda í námi koma fram. Hver nemandi hefur sinn umsjónaraðila og vinnur fagfólk og stuðningsfulltrúar saman í kennslustofum með nemendum. Nokkuð er um einstaklingskennslu nemenda og fá sumir slíka kennslu í einstaka tímum en aðrir eru að miklu leyti í einstaklingskennslu.

Nemendahópur skólans er afar breiður og fjölbreyttur. Fram kom í rýnihópi fagfólks að í skólanum væru jafnvel nemendur sem ættu betur heima í almennum skólum. Slík breidd í nemendahópi kallar á mikla fjölbreytni í námi og kennslu svo og vinnu og tækifæri nemenda varðandi samvinnu og félagslega þætti. Námið er einstaklingsmiðað og þannig komið til móts við mismunandi færni og getu nemenda. Ekki kemur hins vegar fram hvernig né hvort sérstaklega er unnið með námstækifæri getumikilla nemenda.

Fram kemur að teymi eru um marga nemendur og að teymin fundi misoft eftir þörfum. Í rýnihópi kennara kemur fram að teymin stuðli að því að samræmi sé milli þess sem gert er heima og í skólanum Ekki kemur fram að teymin komi markvisst að mati á úrræðum, skipulagningu þeirra né endurskipulagningu. Foreldrar taka þátt í endurmati markmiða í einstaklingsnámskrám en nemendur ekki.

Ráðgjafarþroskaþjálfari heldur utan um ráðgjöf í skólanum og hafa kennarar aðgang að ráðgjöf hjá henni, öðrum sérfræðingum skólans auk þess sem fagfólk leitast við að deila þekkingu og reynslu. Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hefur auk þess ráðgjafarhlutverk við skólann en

ekki kemur fram að starfsfólk skólans sækir ráðgjöf þangað, einungis að sérfræðingar þáðan sitji teymisfundum.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Viðhorf virðingar gagnvart nemendum og starfsfólki er ríkjandi í skólanum.
- Virkni nemenda í námi og skólastarfi er mikil.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur.
- Foreldrar fá tækifæri til að gera athugasemdir við einstaklingsnámskrár og koma með ábendingar.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til markvissrar vinnu með samvinnunám og samstarf nemenda.
- Leita leiða til að draga úr aðgreiningu á grundvelli fötlunar.
- Gera framvindu náms sýnilega í einstaklingsnámskrám og tengsl markmiða við þarfir, færni, getu og áhugasvið nemandans.
- Þróa námsvísa fyrir árganga eða aldursstig.
- Skilgreina hlutverk og verksvið teyma um nemendur.

Svið III Innra mat grunnskóla

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Innra mat í Klettaskóla getur hvorki talist kerfisbundið né samofið daglegu skólastarfi. Í gögnum skólans er ekki að finna umfjöllun um innra mat, hvorki í skólanámskrá, starfsáætlun né á heimasíðu skólans. Engin áætlun um innra mat liggur fyrir, hvorki til lengri né skemmri tíma. Mat á stöðu nemenda fer þó reglulega fram og er því lýst í skólanámskrá og starfsáætlun.

Að sögn skólastjóra er hún leiðandi í sjálfsmati skólans og leggur spurningar fyrir starfsmannahópinn og foreldrahópinn. Miðað við skólaheimsókn og upplýsingar úr rýnihópum er ekki hægt að segja að mat og ígrundun kennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum sé sýnilegur liður í daglegu starfi þeirra þó auðvitað fari slíkt mat ætíð að einhverju leyti fram.

Sjálfsmatsskýrsla fyrir Klettaskóla liggur ekki fyrir við matið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerði úttekt á sjálfsmatsaðferðum Öskjuhlíðarskóla vorið 2007 og voru þá sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd matsins metin ófullnægjandi. Heildarniðurstöður fyrir Safamýrarskóla vorið 2009 voru að skólinn uppfyllti bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að öllu leyti.

Innra mat er markmiðsbundið

Markmið skólastarfsins virðast ekki hafa verið metin með markvissum hætti eða skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að undanfarin ár. Innra matið þarf því að bæta til að það geti talist talist uppfylla viðmið um að vera markmiðsbundið.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvaða upplýsingar liggja til grundvallar mati og umbótaáætlun. Ekki liggur fyrir skráð vinnuferli í tengslum við gagnaöflun um skólastarfið.

Lagt er mat á árangur og framfarir nemenda á reglulegum stöðufundum með þátttöku foreldra. Kennarar annast mat á árangri og framförum nemenda.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Innra mat í Klettaskóla uppfyllir ekki það viðmið að vera samstarfsmiðað og byggja á lýðræðislegum vinnubrögðum. Framkvæmd mats er á hendi skólastjóra en matsteymi hefur ekki verið komið á. Á starfsmannafundum fer fram mat og ígrundun á starfinu.

Ekki er sýnilegt að foreldrar og nemendur hafi aðkomu að ákvörðunum í tengslum við innra mat, en af hálfu skólans er leitað eftir sjónarmiðum foreldra um málefni sem varða þeirra börn. Einnig kemur fram að mat á einstökum þáttum er rætt í starfsþróunarsamtölum og starfsmannafundir eru vettvangur til skoðanaskipta í starfsmannahópnum og þar fer fram mat og ígrundun á starfinu.

Innra mat er opinbert

Engar greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu eða á öðrum opinberum vettvangi. Umbótaáætlun er ekki birt á heimasíðu skólans.

Innra mat er umbótamiðað

Umbótaáætlun Klettaskóla fyrir árin 2012-2014 liggur fyrir við matið, þar er gerð grein fyrir umbótaverkefnum í þremur víddum: Skólastarf; Verklag; Mannauður. Í hverri vídd eru tilgreind verkefni eða aðgerðir, fram kemur hver ber ábyrgð, tímabil og mælikvarði á árangur. Tímabil aðgerða/verkefna er skólaárið og á þeim að vera lokið 2014. Tengsl milli innra mats og umbótaáætlunar eru ekki ljós, en áætlunin ber þess merki að vinna stendur yfir við gerð grunnupplýsinga um skólastarfið í sameinuðum skóla, s.s. skólanámskrá og starfslýsingar.

Innra mat

Það sem vel er gert:

- Lagt er mat á árangur og framfarir nemenda á reglulegum stöðufundum með þátttöku foreldra.
- Á starfsmannafundum fer fram mat og ígrundun á starfinu.
- Umbótaáætlun fyrir árin 2012-2014 liggur fyrir við matið.

Tækifæri til umbóta:

- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.
- Leita þarf leiða til að meta formlega kennslu og starfshætti kennara.
- Gera grein fyrir í skólanámskrá hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin.
- Skilgreina fyrirfram viðmið um árangur sem stefnt er að í tengslum við markmið skólastefnunnar.
- Nýta niðurstöður úr ytra mati, svo sem foreldrakönnun og starfsmannakönnun í innra matið.
- Leita ætti leiða til að gera foreldra að virkari samstarfsaðilum um innra mat.
- Nýta niðurstöður úr innra mati til að eiga samræður við hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Gera umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum innra og ytra mats og birta á heimasíðu.

Greining

Styrkleikar:

Umhyggja og virðing einkennir skólstarfið. Starfsmenn eru almennt ánægðir og starfsandi góður. 91% foreldra eru ánægðir með skólann og telja að börnunum líði vel í skólanum. 88% kennslustunda eru metnar góðar eða frábærar. Áhersla er lögð á að allar boðskiptaleiðir séu jafngildar í skólanum.

Veikleikar:

Húsnæði og aðstaða hentar fötluðustu nemendum skólans ekki vel. Skólanámskrá og fleiri skjöl og verklagsreglur hafa ekki verið mótaðar fyrir sameinaðan skóla. Vinna við innra mat skólans hefur ekki verið markviss og skýrsla um matið liggur ekki fyrir.

Ögranir:

Mikil breidd er í nemendahópnum hvað varðar getu og þroska. Álag á starfsmenn vegna sameiningar skólanna hefur verið mikið. Húsnæði er þröngt og ekki að öllu leyti hentugt fyrir nemendahópinn. Skólalóðin þarfnast endurnýjunar.

Tækifæri:

Ljúka gerð skólanámskrár og annarra áætlana og verkferla og birta á heimasíðu. Auka þátttöku og ábyrgð nemenda í skólstarfinu. Efla enn frekar starfsandann í nýjum skóla. Efla innra mat skólans, stofna matsteymi og gera matsáætlun. Tengja verkefni í umbótaáætlun við niðurstöður ytra og innra mats.

Samantekt

Fagleg forysta

Það sem vel er gert:

- Menntun og velferð barna er í öndvegi í Klettaskóla og áhersla er lögð á fjölbreyttar boðskiptaleiðir og einstaklingsmiðað nám.
- Skólinn veitir ráðgjöf til annarra grunnskóla um málefni fatlaðra nemenda.
- Á sérkennslutorgi sem Klettaskóli hefur umsjón með er gagnabanki um ýmislegt varðandi kennslu og nám nemenda með sérþarfir.
- Vel er staðið að móttöku nýrra starfsmanna.
- Markvisst er stuðlað að jákvæðum samskiptum og starfsfólk vinnur saman í teyimum um nemendahópa.
- Góður starfsandi er í Klettaskóla, að mati starfsmanna, þó sameiningin hafi tekið á.
- Fundir starfsmanna eru reglulegir, boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar.
- Vel er staðið að samstarfi milli skólastiga og gerð tilfærsluáætlun fyrir nemendur þegar þeir fara í framhaldsskóla.

Tækifæri til umbóta:

- Kynna stefnu skólans og einkunnarorð fyrir öllum hagsmunaaðilum skólans.
- Aðlaga skipurit þannig að lýsi betur stjórnskipan skólans.
- Birta á heimasíðu skólans upplýsingar um þátttökubekk Klettaskóla í Árbæjarskóla.
- Gera formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur eða starfsfólk
- Móta verklag um viðbrögð við einelti meðal starfsmanna.
- Afla upplýsinga hjá sakaskrá um alla starfsmenn.
- Skýra reglur um upplýsingagjöf um nemendur.
- Tryggja upplýsingar til allra starfsmanna.

- Upplýsa starfsfólk um skipulag og möguleika ráðgjafar í skólanum.
- Leita allra leiða til að bæta aðbúnað nemenda í húsi og á skólalóð.
- Halda áfram vinnu að stefnumótun og jákvæðum viðhorfum til skólastarfs í sameinuðum skóla.
- Móta formlega símenntunaráætlun fyrir starfsmenn.

Stefnumótun og skipulag

Það sem vel er gert:

- Vikulegur námstími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla.
- Í einstaklingsnámskrám koma fram skýr og mælanleg markmið nemenda.
- Mikil hreyfipjálfun fer fram í skólanum og sjúkra- og iðjuþjálfun fer fram á skólatíma.
- Skólareglur eru skýrar og í starfsmenn meðvitaðir um viðbrögð við óæskilegri hegðun.
- Bekkjarkennari vinnur rýmingaráætlun fyrir sinn nemendahóp og viðbragðsáætlanir eru æfðar reglulega.
- Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta:

- Ljúka gerð nýrrar skólanámskrár og birta á heimasíðu.
- Móta námsvísa/námsáætlanir fyrir námshópa eða aldursstig.
- Móta röklega heildarsýn á nám nemandans í einstaklingsnámskrám.
- Móta forvarnaráætlun skólans og þar á meðal jafnréttisáætlun starfsmanna.
- Endurskoða stundatöflur með það í huga að námstími og hlé henti þörfum nemenda.

Samskipti heimila og skóla

Það sem vel er gert:

- 91% foreldra eru ánægð með Klettaskóla og sama hlutfall telur að barninu líði þar vel skv. foreldrakönnun.
- Að mati foreldra er einelti lítið í skólanum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki er styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi svo og að skólinn er vel mannaður.
- Daglega eru upplýsingar skráðar í samskiptabækur sem fara á milli heimila og skóla.
- Skólaráð starfar við skólann skv. reglugerð þar um.
- Foreldrafélag skólans er virkt og styður við skólann með fjáröflun og skipulagningu viðburða.

Tækifæri til umbóta:

- Auka þátttöku foreldra í markmiðasetningu í einstaklingsnámskrá.
- Bæta upplýsingar til foreldra um námslega stöðu nemenda.
- Nemendur taki þátt í fundum þar sem fjallað er um málefni þeirra.
- Móta áætlun um viðbrögð við einelti meðal nemenda.

Nám og námsaðstæður

Það sem vel er gert:

- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur, markmið þeirra eru skýrt fram sett og þau endurmetin reglulega.
- Námsumhverfi nemenda er almennt vel skipulagt og aðlaðandi og í þáttökubekk er allt umhverfi til fyrirmyndar.
- Í vettvangsathugunum voru 88% kennslustunda metnar góðar eða frábærar.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sköpun og tjáning einkenna kennsluhætti.

- Sjónrænar vísbendingar eru mikið notaðar.
- Margvíslegum hæfileikum er gefinn gaumur og vakin er athygli á fjölbreyttum árangri.
- Daglega skrá starfsmenn upplýsingar í samskiptabækur nemenda.
- Starfsfólk er vakandi fyrir líðan og tjáningu nemenda, hrósar og hvetur.

Tækifæri til umbóta:

- Vinnu við skólanámskrá verði hraðað og hún birt sem fyrst.
- Æskilegt er að tilgreina styrkleika nemanda og líta til áhugasviðs þeirra í einstaklingsnámskrá.
- Vinna að námsvísunum eða námsáætlunum fyrir árganga eða aldursstig.
- Leggja þarf línur um hvernig auka megi markvissa samvinnu og félagsleg samskipti nemenda.
- Auka þyrfti val nemenda um viðfangsefni og/eða námsleiðir þar sem þess er kostur.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Það sem vel er gert

- Í skólanum ríkir almennt jákvæður andi samstarfs og virðingar.
- Að mati foreldra líður nemendum vel í skólanum.
- Nemendur sem rætt var við lýstu ánægju með kennarana og skólann.
- Starfsfólk vel meðvitað um tjáningu hvers og eins og vakandi fyrir því að taka tillit til vilja/sjónarmiða nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Skrá verkferla um hvernig sjónarmiða nemenda er leitað um námsumhverfi og námstilhögun.
- Bæta aðbúnað á skólalóð
- Leita leiða til að efla félagsstarf nemenda og koma á nemendafélagi.

Námsaðlögun

Það sem vel er gert

- Viðhorf virðingar gagnvart nemendum og starfsfólki er ríkjandi í skólanum.
- Virkni nemenda í námi og skólastarfi er mikil.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir alla nemendur.
- Foreldrar fá tækifæri til að gera athugasemdir við einstaklingsnámskrár og koma með ábendingar.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til markvissrar vinnu með samvinnunám og samstarf nemenda.
- Leita leiða til að draga úr aðgreiningu á grundvelli fötlunar.
- Gera framvindu náms sýnilega í einstaklingsnámskrám og tengsl markmiða við þarfir, færni, getu og áhugasvið nemandans.
- Þróa námsvísa fyrir árganga eða aldursstig.
- Skilgreina hlutverk og verksvið teyma um nemendur.

Innra mat

Það sem vel er gert:

- Lagt er mat á árangur og framfarir nemenda á reglulegum stöðufundum með þátttöku foreldra.
- Á starfsmannafundum fer fram mat og ígrundun á starfinu.
- Umbótaáætlun fyrir árin 2012-2014 liggur fyrir við matið.

Tækifæri til umbóta:

- Fyrir liggur að gera áætlun um innra mat sem nær til helstu þátta í starfi skólans og birta í skólanámskrá og/eða starfsáætlun.
- Leita þarf leiða til að meta formlega kennslu og starfshætti kennara.
- Gera grein fyrir í skólanámskrá hvernig markmið skólans sem sett eru fram í skólanámskrá eru metin.
- Skilgreina fyrirfram viðmið um árangur sem stefnt er að í tengslum við markmið skólastefnunnar.
- Nýta niðurstöður úr ytra mati, svo sem foreldrakönnun og starfsmannakönnun í innra matið.
- Leita ætti leiða til að gera foreldra að virkari samstarfsaðilum um innra mat.
- Nýta niðurstöður úr innra mati til að eiga samræður við hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Gera umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum innra og ytra mats og birta á heimasíðu.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2011.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Skólanámskrá Klettaskóla. Drög 2013-2014. Reykjavík. Klettaskóli.

Skólaskýrsla 2011. Reykjavík. Samband íslenskra sveitarfélaga.

Starfsáætlun Klettaskóla. 2013-2014. Reykjavík. Klettaskóli.

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2013. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2012. Klettaskóli. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

<http://www.klettaskoli.is/>

Fylgiskjöl

1. Matsblöð með viðmiðum um gæði skólastarfs
2. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
3. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
4. Gátlisti um skólanámskrá
5. Gátlisti um starfsáætlun
6. Gátlisti um heimasíðu